LV-2017-107



# Sjálfbærniverkefnið á Austurlandi

## Mat á samfélagsvísum og verklagi verkefnisins

Alcoa

Landsvirkjun

## Lykilsíða

Landsvirkjun

**Skýrsla LV nr:** LV-2017-107

**Dags:** 12.desember 2017

**Fjöldi síðna:** 79

**Upplag:** 1

**Dreifing:**
- ☒ **Birt á vef LV**
- ☒ **Opin**
- ☐ **Takmörkuð til**

**Titill:** Sjálfbærniverkefnið á Austurlandi - Mat á samfélagsvísum og verklagi verkefnisins

**Höfundar/fyrirtæki:** Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Sigrún Birna Sigurðardóttir, Andrea Gerður Dofradóttir, Ævar Þórólfsson, Guðný Gústafsdóttir, Ásdís A. Arnalds/ Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

**Verkefnisstjóri:** Jóhanna Harpa Árnadóttir

**Unnið fyrir:** Landsvirkjun og Alcoa Fjarðaál

**Samvinnuaðilar:** Sjálfseignarstofnunin Austurbrú

**Útdráttur:** Sjálfbærniverkefninu á Austurlandi var komið á fót árið 2004 til að fylgjast með áhrifum framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverið í Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun standa að verkefninu, eru eigendur þess og lykilhagsmunaaðilar ásamt Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði. Verkefnið byggir fyrst og fremst á hugmyndafræði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun þar sem tekið er tillit til umhverfis, efnahags og félagslegra þátta. Víðtækt samráð var haft á sínum tíma, við ólíka hagsmunaaðila, um þau málefni sem lögð voru til grundvallar í vali á sjálfbærnivísum. Vöktun vísanna hefur nú staðið yfir síðan 2007 og hefur Austurbrú haft umsjón með verkefninu síðan 2013. Í tilefni af tímamótum tíu ára vöktunar ákváðu eigendur verkefnisins, í samráði við Austurbrú, að leita til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um gerð úttektar sem fæli í sér rýni á tilgangi og umfangi verkefnis, verklagi og val á vísum, þróun og markmið samfélagsvísanna sem og ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna. Auk þess var markmiðið að greina samfélagsvísana með hliðsjón af félagsvísum velferðarráðuneytisins.

**Lykilorð:** sjálfbærni, Austurland, Kárahnjúkavirkjun, Alcoa Fjarðarál, samfélag, umhverfi, efnahagur, vöktun, sjálfbærnivísar, félagsvísar

**ISBN nr:**

Samþykki verkefnisstjóra Landsvirkjunar

Jóhanna Harpa Árnadóttir

## Lýsing á rannsókn

| | |
|---|---|
| Unnið fyrir | Landsvirkjun |
| Markmið rannsóknar | Að leggja mat á samfélagsvísa í Sjálfbærniverkefni Alcoa og Landsvirkjunar á Austurlandi<br>Að greina samfélagsvísana með hliðsjón af félagsvísum sem gefnir eru út af Hagstofu Íslands |
| Dagsetning skýrsluskila | 30.11.2017 |

## Ábyrgðaraðilar

| | |
|---|---|
| Framkvæmd | Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands |
| Undirbúningur og gagnaöflun | Guðbjörg Andrea Jónsdóttir<br>Sigrún Birna Sigurðardóttir<br>Andrea Gerður Dofradóttir<br>Ævar Þórólfsson |
| Úrvinnsla | Sigrún Birna Sigurðardóttir<br>Guðný Gústafsdóttir<br>Ævar Þórólfsson<br>Andrea Gerður Dofradóttir |
| Skýrslugerð | Sigrún Birna Sigurðardóttir<br>Ásdís A. Arnalds<br>Guðný Gústafsdóttir<br>Guðbjörg Andrea Jónsdóttir |

LV-2017-107

# Sjálfbærniverkefnið á Austurlandi

## Mat á samfélagsvísum og verklagi verkefnisins

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Nóvember 2017

# EFNISYFIRLIT

MYNDAYFIRLIT ..... 4
TÖFLUYFIRLIT ..... 5
HELSTU NIÐURSTÖÐUR ..... 6
INNGANGUR ..... 8
AÐFERÐ ..... 9
AÐFERÐAFRÆÐI ..... 9
Þátttakendur ..... 11
Gagnaöflun, heimtur og úrvinnsla ..... 12
NIÐURSTÖÐUR ..... 15
MARKMIÐ SJÁLFBÆRNIVERKEFNISINS OG VAL Á VÍSUM ..... 15
Yfirlýstur tilgangur Sjálfbærniverkefnisins ..... 15
Forsendur fyrir vali á vísum ..... 16
Rýni á árangursviðmiðum um markmið verkefnis og vali á vísum ..... 18
Upplifun hagsmunaaðila af vali á vísum ..... 19
VERKLAG OG SAMRÁÐ ..... 21
Stjórnkerfi Sjálfbærniverkefnisins ..... 21
Samráðsferlið ..... 23
Rýni á árangursviðmiðum um verklag í undirbúnings- og innleiðingarfasa ..... 24
Upplifun hagsmunaaðila af verklagi og samráði ..... 26
ÞRÓUN OG MARKMIÐ SAMFÉLAGSVÍSA ..... 28
Rýni á árangursviðmiðum um markmið og skipulag vísa ..... 28
Breytingar á vísum og mælikvörðum ..... 30
Sýn hagsmunaaðila á markmið og þróun vísa ..... 31
ÁVINNINGUR, BIRTING OG EFTIRFYLGNI NIÐURSTAÐNA ..... 34
Rýni á árangursviðmiðum um ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna ..... 34
Sýn hagsmunaaðila á ávinning, birtingu og eftirfylgni ..... 38
Niðurstöður samfélagsvísa um þróun samfélagsins ..... 39
Þekking almennings á Sjálfbærniverkefninu ..... 52
SAMANBURÐUR VIÐ FÉLAGSVÍSA ..... 54
Félagsvísar velferðarráðuneytisins ..... 54
Niðurstöður rýni á félagsvísum ..... 55

LOKAORÐ ........ 65
HEIMILDIR ........ 66
VIÐAUKI 1. VIÐTALSRAMMI ........ 67
VIÐAUKI 2. NIÐURSTÖÐUR PANELKÖNNUNAR ........ 70
VIÐAUKI 3. NIÐURSTÖÐUR HÓPAVINNU Á ÁRSFUNDI 2017 ........ 78

# MYNDAYFIRLIT

Mynd 1. Lýsing á aðferðafræði við rýni ..... 9
Mynd 2. Hringrás verklags ..... 22
Mynd 3. Stjórnskipulag Sjálfbærniverkefnis ..... 23
Mynd 4. Hversu vel eða illa þekkir þú til hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar? ..... 52
Mynd 5. Hversu vel eða illa þekkir þú til sjálfbærniverkefnis? ..... 53
Mynd 6. Hversu vel eða illa þekkir þú þá vísa sem verkefnið fylgist með? ..... 53
Mynd 7. Hversu vel eða illa þekkir þú til heimasíðu verkefnisins www.sjalfbaerni.is? ..... 53
Mynd 8. Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta fyrir sjálfbæra þróun og samfélagsuppbyggingu til framtíðar á Austurlandi að gagnasöfnun verkefnisins verði haldið áfram? ..... 54
Mynd 9. Aðferð við mat á nýjum sjálfbærnivísum ..... 56

# TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1. Dreifing eftir kyni, aldri, búsetu og menntun svarenda í viðhorfskönnun .................................. 12
Tafla 2. Framkvæmd og heimtur ........................................................................................................ 14
Tafla 3. Samfélagsvísarnir og stefnumið sem þeim er ætlað að svara .................................................. 16
Tafla 4. Mat á árangursviðmiðum í undirbúningsfasa verkefnis: Tilgangur verkefnis og val á vísum ..... 18
Tafla 5. Mat á árangursviðmiðum um verklag og samráð .................................................................... 25
Tafla 6. Mat á árangursviðmiðum um markmið og skipulag vísa........................................................... 29
Tafla 7. Mat á árangursviðmiðum um ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna ................................ 35
Tafla 8. Langtímaþróun vísis 1.1: Kynjahlutfall í vinnuafli..................................................................... 41
Tafla 9. Langtímaþróun vísis 1.2: Ánægja starfsfólks........................................................................... 42
Tafla 10. Langtímaþróun vísis 1.4: Menntun og þjálfun starfsfólks........................................................ 44
Tafla 11. Langtímaþróun vísis 1.5: Samfélagsleg virkni starfsfólks ...................................................... 45
Tafla 12. Langtímaþróun vísis 1.11: Lýðfræðilegar breytingar – b) íbúafjöldi á Austurlandi .................. 46
Tafla 13. Langtímaþróun vísis 1.12: Vinnumarkaðurinn ........................................................................ 47
Tafla 14. Langtímaþróun vísis 1.14: Tekjur íbúa .................................................................................. 48
Tafla 15. Langtímaþróun vísis 1.15: Fasteignaverð .............................................................................. 49
Tafla 16. Langtímaþróun vísis 1.16: Opinber þjónusta í nálægum byggðum ........................................ 50
Tafla 17. Langtímaþróun vísis 1.17: Gæði skóla ................................................................................... 50
Tafla 18. Langtímaþróun vísis 1.18: Samfélagsleg velferð.................................................................... 51
Tafla 19. Langtímaþróun vísis 1.19: Viðhorf samfélags til starfsemi Fjarðaáls og Landsvirkjunar.......... 52
Tafla 20. Rýni á félagsvísum – Lýðfræði og virkni (15 vísar)................................................................ 57
Tafla 21. Rýni á félagsvísum – Lífsgæði, lífskjör og velferð (14 vísar) ................................................. 59
Tafla 22. Rýni á félagsvísum – Heilsa (5 vísar)..................................................................................... 62
Tafla 23. Rýni á félagsvísum – Börn (5 vísar) ....................................................................................... 63
Tafla 24. Rýni á félagsvísum – Samheldni – eldri félagsvísar .............................................................. 64

# HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skýrsla þessi byggir á rýni á samfélagsvísum og verklagi Sjálfbærniverkefnis Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar. Meginmarkmið úttektarinnar var að rýna tilgang og umfang verkefnis, verklag og val á vísum, þróun og markmið samfélagsvísanna og loks ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna. Stuðst var við árangursviðmið Ramos og Caeiro (2010) til þess að meta verklag og frammistöðu verkefnis og vísa. Auk þess var gerð samanburðargreining við félagsvísa velferðarráðuneytisins með það að markmiði að greina áhugaverða vísa fyrir Sjálfbærniverkefnið. Gagna var aflað á fjölbreyttan hátt. Tekin voru viðtöl við sjö hagsmunaaðila, fimm viðhorfsspurningar voru lagðar fyrir netpanel Félagsvísindastofnunar og nýttar voru niðurstöður hópavinnu sem fram fór á síðasta ársfundi verkefnisins. Auk þess voru heimildir sóttar á vef verkefnisins um þróun vísa, verklag og fyrri rýni. Niðurstöður verkefnisins eru hugsaðar sem efniviður í áframhaldandi endurskoðun og eftirfylgni verkefnisins. Helstu niðurstöður árangursmatsins eru:

- Sjálfbærniverkefnið fylgir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og metur áhrif framkvæmdanna á umhverfi, efnahag og samfélag.
- Í viðtölum við hagsmunaaðila kom fram að flókið hafi verið fyrir hagsmunaaðila að sameinast um þau málefni sem lögð voru til grundvallar vísunum. Vinnan þótti þó hafa skilað árangri og grundvallar samkomulag náðist um öll megin málefni.
- Rýni á fyrirliggjandi gögnum um verklag og samráð sýnir að stjórnskipan og verklag verkefnisins er skýrt og um fjölbreyttan starfshóp er að ræða. Þetta kom einnig fram í viðtölum við hagsmunaaðila verkefnisins. Þeim þótti verkefnið vera vel skipulagt og að vel hafi tekist að koma ólíkum sjónarmiðum á framfæri. Þeir voru almennt ánægðir með skipun samráðshópsins en viðruðu þó áhyggjur sínar af því að náttúruverndarsamtök ættu ekki lengur sæti í hópnum eftir að Landvernd hætti þátttöku árið 2016.
- Á heimasíðu verkefnisins eru markmið hvers vísis tilgreind sem og viðbragðsáætlun. Gert er ráð fyrir reglulegri endurskoðun vísa en hún hefur ekki verið tímasett. Nokkurs ósamræmis gætir hins vegar milli lýsingar á vísum og mælikvörðum og þess hvernig gögnin eru birt. Uppfæra þarf lýsingar á vísum og mælikvörðum þeirra, markmið og áhrif (bein, óbein eða afleidd) út frá rekstrartíma.
- Samfélagsvísarnir innihalda enn sömu þætti og þegar stofnað var til þeirra. Smávægilegar breytingar hafa á hinn bóginn verið gerðar á mælikvörðum fimm vísa, aðallega vegna breytinga í gagnaöflun. Hagsmunaaðilum fannst mikilvægt að forðast að breyta vísum og mælikvörðum þeirra, en skiptar skoðanir voru á því hvort þörf væri á fleiri samfélagsvísum. Einhverjir bentu á að í ljósi þess hve samfélagið hefur tekið örum breytingum þyrfti að fara fram endurmat á vísunum.

- Á heimasíðu verkefnisins eru niðurstöður settar fram á aðgengilegan og auðskiljanlegan hátt í myndum og töflum. Á hinn bóginn bentu hagsmunaðilar á mikilvægi þess að búa til opinn gagnagrunn þar sem hægt væri að nálgast hrágögn og greina eftir breytum sem hentuðu mismunandi hagnýtingaraðilum.
- Hagsmunaaðilum fannst mikilvægt að að fleiri nýttu gögnin og að þau væru nýtt í víðara samhengi en nú er gert. Gögnin voru talin hafa fjölmarga hagnýtingarmöguleika fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og stjórnvöld. Til þess að unnt væri að greina hvernig gögnin geta nýst breiðari hópi, svo sem fræðasamfélaginu, þyrfti að fara fram úttekt á gögnunum og kynna þau betur.
- Niðurstöður úr Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar sýndu að þekking á tilvist verkefnisins var meiri á Austurlandi en annars staðar á landinu. Almennt var þó ekki mikil þekking á verkefninu en stórum hluta þeirra sem þekkti til verkefnisins fannst mikilvægt að tryggja áframhaldandi tilvist þess.
- Kannaðir voru möguleikar á því að nýta einhvern hluta félagsvísa velferðarráðuneytisins í Sjálfbærniverkefninu. Nokkuð stór hluti félagsvísa byggir á gögnum sem aflað er með úrtaksrannsóknum og vegna fárra svara frá tilteknum svæðum er ekki unnt að greina þau eftir landshlutum. Þessi gögn munu því ekki geta nýst við að greina hvaða samfélagsbreytingar hafa átt sér stað frá því framkvæmdir við virkjun og álver hófust á Austurlandi.
- Nokkrir mælikvarðar félagsvísa byggja þó á fyrirliggjandi gögnum frá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta á t.d. við um mælikvarða á lífeyrisgreiðslum og umönnunarmati. Stofnunin býr yfir upplýsingum um hvernig slíkar greiðslur skiptast eftir landsvæðum og gætu þær því nýst samfélagsvísum Sjálfbærniverkefnisins.
- Rannsóknir og greining gera reglulega kannanir meðal allra barna í tilteknum árgöngum á Íslandi. Unnt væri að falast eftir niðurstöðum fyrir grunnskóla á Austurlandi og bera þær saman við niðurstöður fyrir landið í heild.
- Frekari rýni og þróun á vísum Sjálfbærniverkefnisins gæti nýst í stefnumótunarvinnu sveitarfélaga á Austurlandi.

# INNGANGUR

Sjálfbærniverkefninu á Austurlandi var komið á fót árið 2004 til að fylgjast með áhrifum framkvæmda við Kárahnjúkavirkjun og álverið í Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi. Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun standa að verkefninu, eru eigendur þess og lykilhagsmunaaðilar ásamt Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði. Verkefnið byggir fyrst og fremst á hugmyndafræði Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun þar sem tekið er tillit til umhverfis, efnahags og félagslegra þátta. Fyrirtækin fengu til liðs við sig erlenda og innlenda sérfræðinga við undirbúning og skipulag verkefnisins. Ítarlegt verklag var skipulagt og kallað til víðtæks samráðs ólíkra hagsmunaaðila um þau málefni sem lögð voru til grundvallar í vali á sjálfbærnivísum. Vöktun vísanna hefur nú staðið yfir síðan 2007 og hefur Austurbrú haft umsjón með verkefninu síðan 2013. Mikilvægt er að fram fari regluleg endurskoðun til að unnt sé að leggja mat á hvaða upplýsingar eru tiltækar hverju sinni og hvers konar upplýsingar lýsa best sjálfbærri þróun.

Að beiðni verkefnisstjóra samfélagsábyrgðar hjá Landsvirkjun rýndi Félagsvísindastofnun HÍ samfélagsvísana í Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar. Meginmarkmið úttektarinnar fólst í að rýna tilgang og umfang verkefnis, verklag og val á vísum, þróun og markmið samfélagsvísanna sem og ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna. Í ljósi samfélagslegra breytinga á undangengnum áratug og þess hve umhverfisþátturinn vó þungt á upphafsárum verkefnisins var markmiðið auk þess að greina samfélagsvísana með hliðsjón af félagsvísum velferðarráðuneytisins. Félagsvísarnir byggja á fjölmörgum mælingum á lífskjörum og ólíkum aðstæðum hópa sem gætu reynst gagnlegar fyrir Sjálfbærniverkefnið á Austfjörðum og fyrir áframhaldandi þróun þess. Skýrsla þessi birtir niðurstöður matsins.

# AÐFERÐ

## Aðferðafræði

Það matsferli sem hér er lýst styðst við aðferðafræði Ramos og Caeiro (2010) sem hönnuðu hugtakaramma í þeim tilgangi að meta árangur sjálfbærnivísa. Aðferðafræði Ramos og Caeiro er *frammistöðumat* (e. meta-performance evaluation) sem gengur út á það að rýna í styrkleika og veikleika sjálfbærnivísa og draga síðan hlutlægar ályktanir um gagnsemi þeirra. Er matinu ætlað að veita hugmyndir um hvernig megi bæta þá eða uppfæra. Mynd 1 sýnir hugtakaramma Ramos og Caeiro. Þar sést að við endurskoðun á sjálfbærnivísum skuli fara fram rýni á markmiðum og vali á vísum, verklagi og samstarfi, þróun vísanna og loks mat á ávinningi verkefnis, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna.




***Mynd 1. Lýsing á aðferðafræði við rýni***

Fyrir þetta mat var stuðst við viðmið frá Ramos og Caeiro (2010) sem voru aðlöguð að Sjálfbærniverkefninu. Um er að ræða 20 atriði sem gagnast í endurskoðun verkefnisins í heild sinni. Það skal tekið fram að atriðin eru mörg hver afar tengd innbyrðis en þeim er kaflaskipt í niðurstöðukafla eftir því hvar þau voru talin mest viðeigandi. Við matið var stuðst við heimildir sem aðgengilegar eru á heimasíðu verkefnisins; Áfangaskýrsla 1 – Vísar og grunnástand (2005),

Áfangaskýrsla 3 – Framkvæmdaráætlun (2006), Endurmatsskýrsla Ildi (2008) auk annars efnis um verkefnið, verklagið og vísana. Sá fyrirvari er gerður að um takmarkaðar ritaðar heimildir er að ræða frá byrjunarárum verkefnisins sem endurspegla mögulega ekki verklag í dag.

Samkvæmt Ramos og Caeiro (2010) er mikilvægt að taka tillit til sjónarmiða ólíkra aðila við hönnun og þróun sjálfbærnimælikvarða. Þess vegna leggja þeir það til að fram fari sjálfsmat hagsmunaaðila samhliða rýni á styrkleikum og veikleikum sjálfbærnivísanna. Samanburður á niðurstöðum úr sjálfsmatinu og niðurstöðum sem fást með rýni á sjálfbærnivísunum getur gefið mikilvægar upplýsingar um hvort og þá hvers konar umbóta er þörf. Hér var sjálfsmat hagsmuna-aðila kannað með eigindlegum viðtölum við fólk sem hefur komið að verkefninu á mismunandi stigum þess. Ramos og Caeiro benda enn fremur á að mynda skuli vettvang fyrir opinberar umræður um vísana. Var þetta gert í hópavinnu á ársfundi Sjálfbærniverkefnis Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar sem haldinn var á Eskifirði þann 9. maí 2017 (merkt á mynd 1 sem „samræður milli hagsmunaaðila“). Á fundinum voru frumniðurstöður úr rýni samfélagsvísanna kynntar og rætt um væntingar til Sjálfbærniverkefnisins.

Við mat á ávinningi sjálfbærnivísanna var m.a. rýnt í hvort Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun hafi náð markmiðum sínum um hvernig samfélagið á Austfjörðum skyldi þróast. Þetta mat fór fram með því að skoða mun á elstu og nýjustu mælingu á hverjum vísi. Notast var við svokallað *umferðarljósamat* (e. Traffic light assessment) að breskri fyrirmynd til þess að sýna á einfaldan hátt þróun yfir ákveðið tímabil. Í þeirri greiningu sem hér er lýst er sjónum beint að langtímaþróun, þ.e. bornar eru saman niðurstöður yfir lengsta mögulega tímabil, oftast frá 2007/8 til 2015. *Umferðarljósamatið* notar mismunandi litað tákn, grænt fyrir *skýra og marktæka jákvæða þróun* (e. improvement), gult fyrir *litla eða enga breytingu* og rautt fyrir *skýra og marktæka neikvæða þróun* (e. detoriorating). Þegar samanburðargögn eru ekki til staðar er notað *hvítt punktamerki*. Í þeim tilfellum þar sem ekki er unnt að gera marktektarpróf er stuðst við 3% viðmiðunarmörk sem er algengt að sjá sem viðmið í slíkum verkefnum. Þróunin er síðan sett í samhengi við markmið vísanna og er gerð grein fyrir öðrum athugasemdum sem snéru að vísum, mælikvörðum og framsetningu gagna sem komu fram í rýninni.

Auk þeirra þátta sem eru tilgreindir í mynd 1 var gerð samanburðargreining við félagsvísa velferðarráðuneytisins sem byggði á útgefnu efni um félagsvísana frá árunum 2015 - 2016. Efnið er aðgengilegt á heimasíðu Stjórnarráðs Íslands undir verkefnum velferðarráðuneytisins. Þá voru fimm spurningar sendar á netpanel Félagsvísindastofnunnar til að meta almenna þekkingu og viðhorf til Sjálfbærniverkefnisins.

Markmiðið með þessum fjölbreyttu verkþáttum var að fá heildstæða sýn á viðfangsefnið. Niðurstöður úr ólíkum verkþáttum fléttast síðan saman í niðurstöðukafla og mynda saman þá rýni sem skilgreind er í mynd 1 hér að ofan.

### *Þátttakendur*

Upplýsingasöfnun frá þátttakendum var skipt í þrjá verkþætti; *sjálfsmat hagsmunaaðila* sem skoðað var með viðtölum, *samræður milli hagsmunaaðila* sem fóru fram á ársfundi Sjálfbærniverkefnisins árið 2017 og *könnun á þekkingu almennings* á verkefninu.

*Sjálfsmat hagsmunaaðila* var skoðað með því að taka viðtöl við við sjö fulltrúa þeirra fyrirtækja, stofnana, sveitarfélaga og félagasamtaka sem hafa átt aðkomu að Sjálfbærniverkefninu á Austurlandi á mismunandi hátt og á mismunandi tímabilum. Tveir þátttakendur komu að þróun verkefnisins, einn hafði tekið þátt í samráði um val á vísum, tveir höfðu setið í stýrihópi og tveir voru fulltrúar hagsmunaaðila. Þessir aðilar voru valdir í samráði við verkkaupa.

*Samræður milli hagsmunaaðila* voru kortlagðar með niðurstöðum úr hópavinnu frá ársfundi verkefnisins 2017. Á fundinum voru frumniðurstöður verkefnisins kynntar og nýttar til þess að hanna umræðupunkta fyrir hópavinnu sem fer ávallt fram á ársfundum. Ársfundurinn er árlegur, opinn fundur sem er kynntur á heimasíðu verkefnisins en einnig er sendur tölvupóstur með upplýsingum um dagskrá til aðstandenda og áhugasamra aðila. Á fundinn í ár var áætlað að um 50 manns hafi mætt. Hópurinn samanstóð mestmegnis af starfsmönnum fyrirtækjanna tveggja og aðstandendum verkefnisins (starfsmenn Austurbrúar, sveitarfélaganna á Austurlandi, ýmissa samtaka og undirverktaka).

Til að meta *þekkingu almennings* á verkefninu voru fimm viðhorfsspurningar lagðar fyrir 1500 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar í Þjóðmálakönnun stofnunarinnar. Netpanellinn samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu. Að auki var bætt við 233 manna úrtaki úr ákveðnum póstnúmerum á Austurlandi, svo alls náði könnunin til 1733 aðila. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna.

Tafla 1 sýnir samanburð á dreifingu úrtaksins miðað við þýðið sem það er dregið úr. Þar má sjá mun á aldursdreifingu svarenda könnunarinnar og landsmanna almennt, en svörun var lakari í yngsta aldurshópnum en búist var við. Einnig var munur á svörum eftir menntun, en svörun var best hjá háskólamenntuðum en lökust meðal þeirra sem höfðu lokið grunnskólamenntun. Þá var nokkur munur á búsetu þar sem viðbótarúrtakið af Austurlandi skekkti nokkuð heildarmyndina.

***Tafla 1. Dreifing eftir kyni, aldri, búsetu og menntun svarenda í viðhorfskönnun***

| | Fjöldi svarenda | Hlutfall svarenda | Fjöldi í þýði | Hlutfall í þýði |
|---|---|---|---|---|
| ***Kyn*** | | | | |
| Karl | 551 | 0,5% | 130.409 | 50,4% |
| Kona | 569 | 0,5% | 128.156 | 49,6% |
| ***Aldur ****** | | | | |
| 18-25 ára | 84 | 7,5% | 39.362 | 15,2% |
| 26-35 ára | 168 | 15,0% | 48.624 | 18,8% |
| 36-45 ára | 188 | 16,8% | 44.905 | 17,4% |
| 46-55 ára | 224 | 20,0% | 42.572 | 16,5% |
| 56-65 ára | 230 | 20,5% | 38.988 | 15,1% |
| 66-75 ára | 141 | 12,6% | 25.777 | 8,7% |
| 76 ára og eldri | 85 | 7,6% | 18.337 | 7,1% |
| ***Búseta ****** | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 612 | 54,6% | 166.120 | 64,2% |
| Landsbyggð | 508 | 45,4% | 92.445 | 35,8% |
| ***Menntun ****** | | | | |
| Grunnskólamenntun | 151 | 14,1% | 71.730 | 32,6% |
| Framhaldsskólamenntun | 415 | 38,7% | 82.300 | 37,4% |
| Háskólamenntun | 507 | 47,3% | 66.100 | 30,0% |

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; *$p < 0,05$, **$p < 0,01$, ***$p < 0,001$

## *Gagnaöflun, heimtur og úrvinnsla*

Tölvupóstur var sendur út til þátttakenda í einstaklingsviðtölunum þann 3. apríl 2017 og verkefnið kynnt fyrir þeim. Í kjölfarið var hringt í þátttakendur og tímasetning fyrir símaviðtal ákveðin ef viðkomandi gaf kost á sér í viðtal. Viðtölin voru tekin upp og tóku að jafnaði 30-40 mínútur en það lengsta rúma klukkustund. Alls voru tekin sjö viðtöl dagana 5. apríl – 18. maí 2017. Fyrir viðtölin var útbúinn viðtalsrammi með atriðum sem ætlunin var að ræða (sjá viðauka 1). Mikilvægt var að spurningarnar væru sveigjanlegar vegna mismunandi aðkomu og þekkingar þátttakenda. Í viðtölunum var einnig lögð áhersla á að gefa þátttakendum færi á að tala um það sem þeim sjálfum fannst skipta máli. Viðtölin hófust á inngangi sem síðan var fylgt eftir með spurningum og umræðum er snéru að bakgrunni þátttakenda og tengslum við verkefnið, verklagi í upphafi og mótun verkefnis, ávinningi verkefnis, hagnýtingu og eftirfylgni, og loks framtíðarvæntingum. Í lokin voru viðmælendur spurðir hvort þeir hefðu eitthvað sem þeir vildu bæta við og þeim þannig gefinn kostur á að koma á framfæri efni sem skipti þá sjálfa máli.

Viðtölin voru tekin upp og afrituð orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og meginatriði þess dregin fram með því að gefa textabútum nafn, en slík vinnuaðferð nefnist kóðun. Í framhaldi voru allar kóðanir flokkaðar í meginþemu og undirþemu eftir aðferðafræði þemagreiningar. Í þemagreiningu er kóðunin gerð út frá merkingarbæru innihaldi gagnanna en tíðni slíkra atriða skiptir minna máli. Þessi þemu mynda svo heildstæða sýn á merkingu gagnanna sem um ræðir þar sem

ályktanir eru rökstuddar með lýsandi tilvitnunum (Braun og Clarke, 2006; Vaismoradi, Turunen og Bondas, 2013). Viðtölin eru hvergi birt í heild sinni. Við skrif upp úr viðtölunum eru þátttakendur ekki nafngreindir og tilvitnanir ekki skilgreindar eftir aðkomu eða kyni þátttakenda svo ekki sé hægt að rekja upplýsingarnar til viðkomandi. Niðurstöður eru því birtar sem sjónarmið einstaklinga í stað þess að lýsa skoðunum ákveðinna einstaklinga.

Ársfundur verkefnisins var haldinn á Eskifirði 9. maí 2017 og var hópavinnan kynnt undir lok fundar. Fékk fólk að raða sér sjálft í þá hópa sem það taldi eiga best við en hver hópur samanstóð af 8-15 manns. Um 30 mínútum var varið í umræðurnar. Einn þátttakandi úr hverjum hópi var skipaður ritari og kynnti helstu niðurstöður hópsins fyrir fundargestum. Austurbrú safnaði öllum umræðupunktum og gerði samantekt sem er birt í viðauka 3. Í niðurstöðukafla skýrslunnar eru helstu niðurstöður úr umræðunum fléttaðar inn í rýni á verkefninu þar sem það á við.

Gagnaöflun fyrir Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar hófst 16. mars og lauk 3. maí 2017. Alls svöruðu 1120 könnuninni og var svarhlutfallið því 65%. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði og sérstaklega var hugað að aukaúrtakinu á Austurlandi þegar gögnin voru vigtuð. Í ljósi þess að ólíkar skilgreiningar eru til á skiptingu sveitarfélaga á Austurlandi var horft til skilgreiningar Sjálfbærniverkefnisins. Segir orðrétt að Sjálfbærniverkefnið skilgreini Austurland sem „svæðið frá Langanesi í norðri og til Skeiðarárssands í suðri. Mið-Austurland er svæðið frá Fljótsdalshéraði í norðri til Breiðdals í suðri. Þrjú sveitarfélög tilheyra Austurlandi en ekki Mið-Austurlandi: Vopnafjörður, Djúpivogur og Hornafjörður. (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2017).

Í niðurstöðukafla skýrslunnar er að finna lýsandi tölfræði sem sýnir dreifingu svara við spurningum könnunarinnar eftir búsetu þátttakenda. Í viðauka 2 eru spurningar könnunarinnar enn fremur greindar eftir kyni, aldri, hjúskaparstöðu, hvort barn búi á heimilinu, menntun, stöðu á vinnumarkaði, tekjum, kosningahegðun og búsetu. Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn. Skammstöfunin *óg*. merkir að marktektarprófið hafi reynst ógilt vegna fámennis í hópum.

Tafla 2 lýsir framkvæmd og heimtum fyrir gagnaöflun þessara verkliða.

***Tafla 2. Framkvæmd og heimtur***

| Framkvæmdamáti | Upplýsingasöfnun | Fjöldi í úrtaki | Fjöldi svarenda | Svarhlutfall - brúttó |
|---|---|---|---|---|
| Einstaklingsviðtöl (sjálfsmat hagsmunaaðila) | 5. apríl – 18. maí 2017 | 8 | | |
| Umræður á ársfundi 2017 (samræður milli hagsmunaaðila) | 9. maí 2017 | 50 | | |
| Þjóðmálakönnun um þekkingu og viðhorf til Sjálfbærniverkefnisins | 16. mars - 3. maí 2017 | 1733 | 1120 | 65% |

.

# NIÐURSTÖÐUR

## Markmið Sjálfbærniverkefnisins og val á vísum

Í þessum kafla er fjallað um upprunalegt markmið Sjálfbærniverkefnisins og þær forsendur sem voru gefnar fyrir vali á vísum. Greint er frá því hvernig hagsmunaaðilar mátu tilgang verkefnisins og viðhorfi þeirra til vísanna sem valdir voru. Einnig hefur kaflinn að geyma niðurstöður rýni á vali á vísum sem byggir á árangursviðmiðum Ramos og Caeiro (2010). Helstu niðurstöður sýna að:

- Yfirlýstur tilgangur Sjálfbærniverkefnisins er að þróa tölulega vísa til að fylgjast með árangri Alcoa og Landsvirkjunar við að ná fram stefnumiðum sínum um sjálfbærni við framkvæmdirnar á Austurlandi. Verkefnið fylgir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og metur áhrif framkvæmdanna á umhverfi, efnahag og samfélag.
- Í viðtölum við hagsmunaaðila kom fram að flókið hafi verið að velja vísa sem allir hagsmunaaðilar gátu sæst á og að val á vísunum hafi litast af hagsmunum þeirra sem að máli komu. Vinnan þótti þó hafa skilað árangri og grundvallar samkomulag náðist um alla þá vísa sem rötuðu í gagnabanka verkefnisins.

### *Yfirlýstur tilgangur Sjálfbærniverkefnisins*

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar var sett á laggirnar árið 2004 í aðdraganda framkvæmda við álver Fjarðaáls og Kárahnjúkavirkjunar. Á heimasíðu og í áfangaskýrslu verkefnisins frá 2005 kemur fram að notkun hugtakanna *sjálfbær þróun* og *sjálfbærni* fól ekki í sér yfirlýsingu um að sjálfar framkvæmdirnar á Austurlandi væru hugsaðar sem sjálfbærar heldur var ætlunin að fylgja hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar til að meta áhrif framkvæmdanna á umhverfi, efnahag og samfélag. Sjálfbærni var því hugsuð sem samnefnari fyrir samfélagslega ábyrgð fyrirtækjanna (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2017).

Á heimasíðu verkefnisins er yfirlýstur tilgangur verkefnisins tiltekinn í þremur megin þáttum:

- Að styðja þá stefnu Alcoa og Landsvirkjunar að hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi og taka tillit til umhverfis, efnahags og félagslegra þátta.
- Að þróa vegvísi sem hjálpar fyrirtækjunum að fylgja eftir stefnumiðum sínum um sjálfbærni og sjálfbæra þróun á byggingar- og rekstrartíma álvers og virkjunar.
- Að þróa tölulega vísa sem hægt er að nota til að fylgjast með árangri Alcoa og Landsvirkjunar við að ná fram stefnumiðum sínum um sjálfbærni við framkvæmdirnar á Austurlandi.

Samfélagsvísarnir í Sjálfbærniverkefninu eru alls 16 talsins og eiga að svara fimm af átta stefnumiðum fyrirtækjanna. Tafla 3 sýnir alla samfélagsvísana ásamt viðeigandi stefnumiði. Fyrstu sex samfélagsvísarnir eiga við um innri starfsemi fyrirtækjanna og Landsvirkjunar en vísar 1.11 -1.20 eiga við samfélagið á Austurlandi í heild.

***Tafla 3. Samfélagsvísarnir og stefnumið sem þeim er ætlað að svara***

| Vísir | Stefnumið |
|---|---|
| 1.1 Kynjahlutfall í vinnuafli | Virðum og verndum fólk |
| 1.2 Ánægja starfsfólks | Virðum og verndum fólk |
| 1.3 Öryggi starfsfólks | Virðum og verndum fólk |
| 1.4 Menntun og þjálfun starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar | Höfum uppbyggileg áhrif á samfélagið |
| 1.5 Samfélagsleg virkni starfsfólks | Höfum uppbyggileg áhrif á samfélagið |
| 1.6 Íslenskum lögum og reglugerðum fylgt | Sýnum ábyrgð og góða stjórnun |
| 1.11 Lýðfræðilegar breytingar | Virðum og verndum fólk |
| 1.12 Vinnumarkaðurinn | Stuðlum að langtíma efnahagslegum ábata |
| 1.13 Atvinnuleysi | Stuðlum að langtíma efnahagslegum ábata |
| 1.14 Tekjur íbúa | Höfum uppbyggileg áhrif á samfélagið |
| 1.15 Fasteignaverð | Höfum uppbyggileg áhrif á samfélagið |
| 1.16 Opinber þjónusta í nálægum byggðum | Höfum uppbyggileg áhrif á samfélagið |
| 1.17 Gæði skóla | Höfum uppbyggileg áhrif á samfélagið |
| 1.18 Samfélagsleg velferð | Höfum uppbyggileg áhrif á samfélagið |
| 1.19 Viðhorf samfélags til starfsemi Fjarðaáls og Landsvirkjunar | Hvetjum til samstarfs við hagsmunaaðila |
| 1.20 Framboð á menningarviðburðum | Höfum uppbyggileg áhrif á samfélagið |

## *Forsendur fyrir vali á vísum*

Í öðrum áfanga verkefnisins var samráðshópur Landsvirkjunar og Alcoa myndaður sumarið 2004. Meginverkefni hópsins var að leggja til viðeigandi málefni, vísa og mælikvarða. Lögð var áhersla á að vísarnir uppfylltu sem flest af eftirfarandi viðmiðum:

- Viðeigandi – Vísarnir þurfa bæði að tengjast framkvæmdunum og skilgreiningu á sjálfbærni.
- Vísindalegur grunnur – Það þarf að vera hægt að mæla ástand og þróun á skýran hátt.
- Næmir fyrir breytingum – Vísar þurfa að endurspegla raunverulegt ástand og breytingar á því.
- Sýna þróun – Vísar þurfa að vera þess eðlis að mögulegt er að fylgjast með þróun sem hefur einhverja þýðingu fyrir stefnumið í verkefninu.
- Upplýsingar um grunnástand – Upplýsingar um grunnástand þurftu að vera til eða hægt að safna. Þessar upplýsingar þurftu að vera þannig að þær sýndu stöðu eða þróun í fortíðinni þannig að hægt væri að túlka framtíðarþróun í réttu samhengi.

Í allt voru þróaðir 45 vísar þar af 16 samfélagsvísar, og 78 mælikvarðar sem notaðir eru til að fylgjast með vísunum. Til að setja vísana í víðara samhengi eru þeir flokkaðir eftir því hvernig þeir tengjast hinum þremur meginstoðum sjálfbærrar þróunar; fólki, umhverfi og efnahag. Mælikvarðar

vísanna voru skilgreindir eftir að vísarnir höfðu verið valdir en þeir eru afar mikilvægur þáttur til að tryggja að vísar spegli raunverulega þróun í átt að stefnumiðum um sjálfbærni.

Alcoa og Landsvirkjun skuldbundu sig til að fylgjast með vísum verkefnisins, upplýsa um þróun og bregðast við ef þróun vísa kallar á aðgerðir. Fyrirtækin höfðu þann fyrirvara á að þau myndu aðeins endurskoða vísana og breyta þeim ef þörf er á til að tryggja notagildi þeirra við að mæla árangur við að uppfylla stefnumið um sjálfbærni. Áhrif framkvæmdanna geta verið bein, óbein eða afleidd. Bein áhrif eru þau sem hægt er að rekja beint til byggingar og reksturs virkjunar og/eða álvers. Óbein áhrif geta verið af völdum framkvæmda en breytingar geta líka verið af öðrum sökum. Afleidd áhrif eru ekki beintengd framkvæmdunum en „geta verið afleiðingar gjörða annarra sem hugsanlega láta framkvæmdirnar hafa áhrif á hegðun og athafnir“ líkt og sagt er á heimasíðu. Fyrirtækin fylgjast því með nokkrum vísum þó um afleidd áhrif sé að ræða og er ætlunin að upplýsa þá aðila sem við á hverju sinni um þróun mála. Fyrirtækin bregðast eingöngu við þegar um er að ræða bein áhrif af framkvæmdum eða rekstri, annars er eingöngu um vöktun að ræða (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2005). Markmið og viðmið eru skilgreind fyrir alla mælikvarða. Markmiðin fela í sér töluleg gildi eða væntingar um þróun í ákveðna átt og viðmið voru skilgreind út frá viðurkenndum stöðlum sem hægt er að bera markmið saman við. Viðmið setja svo markmiðin og niðurstöður í ákveðið samhengi. Allir mælikvarðar eru bundnir við vöktunaráætlun, það er hversu oft gögnunum um þá er safnað og hver telst ábyrgðaraðili gagnasöfnunarinnar (fyrirtækin sjálf, kannanir á vegum þeirra eða þriðji aðili eins og Hagstofa).

Í áfangaskýrslunni frá árinu 2005 segir að bæði íslenskir og alþjóðlegir staðlar og leiðbeiningar voru valdir sem viðmið eftir því sem við átti hverju sinni. Í sumum tilfellum var ekki hægt að finna nein viðmið við hæfi þar sem sumir mælikvarðar þóttu einstakir fyrir verkefnið. Í einhverjum tilfellum voru sett mismunandi markmið eftir því hvort um var að ræða byggingartíma eða rekstrartíma virkjunar og álvers. Fyrir einstaka mælikvarða þótti ekki viðeigandi að setja markmið þótt fylgst hafi verið með þeim vísum eins og lýst er í vöktunaráætlun. Samfélagsvísar án markmiðs eru vísar 1.4. Menntun og þjálfun starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar, 1.12. Vinnumarkaðurinn og 1.15. Fasteignaverð. Nauðsynlegt var að setja landfræðileg mörk fyrir marga mælikvarða og voru eftirfarandi svæði skilgreind:

- Ísland – landið allt.
- Austurland – Samsvarandi Austurlandskjördæmi (eins og það var skilgreint fyrir breytingar á kjördæmaskipan árið 2002 og eins og landsvæðið var þá skilgreint í upplýsingum Hagstofunnar).
- Nálægar byggðir – Sveitarfélög staðsett á áhrifasvæði framkvæmda.

## *Rýni á árangursviðmiðum um markmið verkefnis og vali á vísum*

Fyrsta árangursviðmið Ramos og Caeiro (2010) fjallar um tilgang verkefnis og val á vísum og er niðurstaða rýni á þessu viðmiði birt í töflu 4. Niðurstöður rýninnar eru byggðar á upplýsingum af heimasíðum fyrirtækjanna og svörum viðmælenda. Tafla 4 sýnir að vísunum var bæði ætlað að meta bein og óbein áhrif framkvæmda og reksturs og að vísarnir tengjast sjálfbærnistefnumiðum fyrirtækjanna. Þó er bent á að ástæða þyki til þess að endurskoða hvernig verkefnið tengist stefnumiðum sem fyrirtækin settu sér í upphafi. Til þess þurfa lykilhagsmunaaðilar að nýta gögnin þannig að unnt sé að kanna hversu viðeigandi stefnumiðin þykja, nú áratug síðar. Með nýtingu gagnanna fæst einnig skýrari mynd af því hvort að endurskoða þurfi samfélagsvísana til að svara áskorunum samfélagsins. Séu stefnumiðin endurskoðuð má kanna hagsmuni og markmið annarra hagnýtingaraðila, og þá fyrst og fremst sveitarfélaganna, en meta þarf hvort tengja megi tilgang verkefnis og vísa betur við stefnumótun þeirra.

***Tafla 4. Mat á árangursviðmiðum í undirbúningsfasa verkefnis: Tilgangur verkefnis og val á vísum***

| Árangursviðmið | Matsspurning | Svar / skýring |
|---|---|---|
| **1. Markmið og umfang - svæði sem mæling nær til** | Eru vísar úr öllum víddum skilgreindir? | Já **–** Í samfélagslegri vídd sjálfbærrar þróunar eru skilgreindir 16 vísar, þar af eru tveir í endurskoðun vegna annmarka í gagnaöflun (vísar 1.16 og 1.20). Fyrstu sex vísarnir eiga við um starfsumhverfi fyrirtækjanna þar sem áhrif framkvæmda og reksturs eru oftast bein. Áhrif eru talin vera óbein eða afleidd á aðra vísa fyrir utan vísi 1.19. **Til umhugsunar:** Í viðtölum og í umræðum á ársfundi kom fram að mikilvægt væri að endurskoða samfélagsvísana með tilliti til breyttra forsenda í samfélaginu. Á sama tíma þyrfti að fara varlega í slíkar breytingar og gæta þess að vísar væru í samræmi við markmið verkefnisins. |
| | Eru vísar í tengslum við markmið hagnýtingaraðila? | Já – Tenging er við sjálfbærnistefnumið fyrirtækjanna. **Til umhugsunar:** Ekki er alltaf skýrt hvernig gögnin eiga að vera nýtt til þess að uppfylla sjálfbærni-viðmiðin. Þau virka yfirgripsmikil og óljóst er hvernig bregðast skuli við þróun. Endurskoða þarf hvort tengsl við sjálfbærnistefnumiðin eigi enn við og e.t.v. tengja vísana við stefnumótun annarra hagsmunaaðila, t.d. sveitarfélaganna. |
| | Eru vísar byggðir á samanburði? (t.d. við önnur fyrirtæki, aðra landshluta, landið allt) | Já – Samanburður við landsmeðaltal þar sem því er við komið. **Til umhugsunar:** Með samráði hagsmunaaðila mætti mögulega fá fram samanburð milli fyrirtækja og stofnana á fyrstu sex samfélagsvísunum sem snúa að starfsumhverfi. Þá mætti útfæra frekari samanburð við fleiri aðila. |

### *Upplifun hagsmunaaðila af vali á vísum*

Í viðtölunum við hagsmunaaðila Sjálbærnisverkefnisins voru þær forsendur sem lágu til grundvallar því að ráðist var í verkefnið ræddar. Fram kom, að frá upphafi var litið til þess samfélagslega samhengis sem framkvæmdirnar áttu sér stað í og um leið til efnahagslegra hagsmuna framkvæmdaraðila. Viðmælendur lögðu áherslu á að verkefnið byggðist á gagnvirku samtali valdra þátttakenda, svo sem fulltrúa sveitarfélaga, innlendra fyrirtækja og samtaka, íbúa og framkvæmdaraðila. Verkefnið fólst þannig í því að þróa vísa sem þjónuðu því markmiði að auðvelda framkvæmdaraðilum og almenningi að fylgjast með þeirri þróun og samfélagsbreytingum sem ættu sér stað frá upphafi framkvæmda sem og samhliða rekstri fyrirtækjanna. Vísarnir gegna því hlutverki mælieininga sem fyrirtækin, sveitarfélögin og almenningur geta nýtt til að meta árangur framkvæmda og reksturs sem og áhrif þess á samfélag og umhverfi. Þannig sáu fyrirtækin fram á að mögulegt væri: „á fimm eða jafnvel tíu ára fresti að taka stöðuna og meta hvort [fyrirtækið] hefði staðið við það sem það hafði áformað“ segir einn viðmælandi.

Viðmælendur lýstu fundunum þar sem vísarnir voru valdir sem umfangsmiklu og flóknu, en um leið skilvirku ferli:

> Við vorum með tvo til þrjá, langa íbúafundi, þetta voru heils dags fundir, þar sem fjallað var um heilt róf atriða sem þurfti að taka tillit til og meta. Síðan fóru sérfræðingarnir og unnu sína vinnu og komu svo á næsta fund og sögðu: þetta er það sem við heyrðum og svona teljum við að vísarnir gætu best rammað aðalatriðin inn, hvað finnst ykkur?

Að lokinni grunnvinnu tóku við samráðsfundir valdra hagsmunaaðila. Á fundunum tókust á ólík sjónarmið sem endurspegluðu ólíka aðkomu, hugmyndafræði og hagsmuni mismunandi hópa og einstaklinga. Fundirnir og valið á vísunum miðaðist því ekki síst að því að sætta ólík sjónarmið og fólu í raun í sér „ákveðinn samfélagssáttmála“ líkt og einn viðmælandi komst að orði, þar sem „ekkert var slegið út af borðinu.“

Eitt af þeim markmiðum sem fyrirtækin lögðu upp með var að hlusta eftir og kortleggja gagnrýnisraddir úr samfélaginu. Þar báru hæst sjónarmið umhverfisverndarsinna sem, í upphafi framkvæmda, fengu umtalsvert umtal í fjölmiðlum. Fulltrúi Landverndar sat fyrstu samráðsfundi verkefnisins fyrir hönd umhverfisverndarsinna. Aðkoma Landverndar var þó treg frá upphafi þar sem samtökin voru andvíg framkvæmdunum og óttuðust að hafa verið fengin að borðinu sem nokkurskonar táknræn „blessun á verkefnið [...] að það væri í lagi með það“ eins og viðmælandi orðaði það. Í viðtali sagði fulltrúi framkvæmdaraðila að eindregin afstaða Landverndar gegn framkvæmdunum hefði útilokað þá frá frekara samráði: „Umræða með eða á móti virkjun var ekki í boði. Það var búið að taka ákvörðun um það. Dómstólar höfðu tekið ákvörðun um það. Ríkisstjórnin hafði

veitt sitt samþykki“. Sjónarmið Landverndar og framkvæmdaraðila reyndust ósættanleg og því tekur enginn vísir verkefnisins beint til umhverfisverndarsjónarmiða.

Þá voru ýmis staðbundin málefni ítarlega rædd á fundunum líkt og áhrif framkvæmda á landsvæði hreindýra þar sem staðkunnátta heimamanna lá til grundvallar og annað „það í samfélaginu sem menn höfðu mestar áhyggjur af á tímanum“ líkt og viðmælandi bendir á, „og það speglaðist að einhverju leyti inn í samfélagsvísana.“ Umræðan og valið á vísunum byggðist þannig að einhverju leiti á skilgreindum hagsmunum og hagsmunavörslu hlutaðeigandi aðila sem samkvæmt viðmælanda „barðist fyrir því að fá einhvern tiltekinn mælikvarða“ samþykktan. Á sama tíma féll skilgreining og val á vísum verkefnisins að stórum hluta undir hefðbundið staðlað ferli:

> Meira en helmingurinn af samfélagsvísunum var í rauninni bara að ná í upplýsingar á Hagstofunni eða fasteignamatinu eða eitthvað svoleiðis.

Samkvæmt fulltrúa framkvæmdaraðila má ætla, eftir á að hyggja, að í heild hafi vísarnir orðið heldur margir en það hafi þó samrýmst markmiðum verkefnisins að taka til fleiri en færri þátta. Aðrir viðmælendur töldu að vísarnir hefðu getað orðið fleiri og nánar fylgt eftir svo sem framboð á menningarviðburðum á Austurlandi sem væri mælikvarði á samfélagsgæðum en þeim þætti hafði ekki verið fylgt eftir með reglubundnum hætti. Væntingar heimamanna um tilurð og tölfræði samfélagsvísa stóðust, samkvæmt viðmælendum, ekki alfarið. Grundvallar samkomulag náðist um alla þá vísa sem rötuðu í gagnabanka verkefnisins og hver vísir gegnir því afmörkuðu hlutverki og felur í sér vissa ábyrgð.

# Verklag og samráð

Í þessum kafla er fjallað um verklagið sem var mótað í upphafi Sjálfbærniverkefnisins og hvernig staðið var að samráði um val á vísum. Helstu niðurstöður sýna að:

- Rýni á fyrirliggjandi gögnum um verklag og samráð sýnir að stjórnskipan og verklag verkefnisins er skýrt og um fjölbreyttan starfshóp er að ræða.
- Það var mat hagsmunaaðila sem rætt var við að fulltrúar framkvæmdaaðila hafi einsett sér að draga fram sem flest sjónarmið með því að fá ólíka hópa til samráðs.
- Stjórnskipan og verklag verkefnisins þótti vel skipulagt og fulltrúum samráðshópsins fannst að vel hafi tekist að koma ólíkum sjónarmiðum á framfæri. Þó var bent á að vinnan sem fram fór á fundum samráðshópsins hafi verið undir áhrifum af því hverjir mættu á fundina. Þannig hafi verið misjafnt hvaða sjónarmið voru ráðandi hverju sinni.
- Hagsmunaaðilar voru almennt ánægðir með skipun samráðshópsins en viðruðu þó áhyggjur sínar af því að náttúruverndarsamtök ættu ekki lengur sæti í hópnum eftir að Landvernd hætti þátttöku árið 2016.

### *Stjórnkerfi Sjálfbærniverkefnisins*

Verkefni sem meta sjálfbæra þróun fara í gegnum fjóra fasa samkvæmt hugtakaramma Ramos og Caeiro (2010). Fyrst er það *undirbúningsfasi* (e. planning and conceptualization) þar sem hugmyndavinna verkefnisins á sér stað og vísar og mælikvarðar eru þróaðir. Því næst *innleiðingarfasi* (e. implementation) þar sem verkefninu er ýtt úr vör og upplýsingum er safnað, svo *framkvæmdarfasa* (e. operation and action) þar sem niðurstöðum er miðlað og brugðist er við þeim lærdómi sem dreginn af niðurstöðunum og loks er *endurskoðunar- og eftirfylgnifasi* (e. follow-up) þar sem verkefnið er endurmetið og aðlagað (sjá mynd 2).




***Mynd 2. Hringrás verklags***

Þetta er gróflega í samræmi við það verklag sem mótað var um Sjálfbærnivísaverkefnið á Austurlandi í upphafi og er kynnt í áfangaskýrslum og á heimasíðu verkefnisins (sjá mynd 3). Þegar verklagið var hannað var gert ráð fyrir að það yrði endurskoðað eftir að verkefnið væri komið á framkvæmdarstig. Verkefnið er nú statt í endurskoðunar- og eftirfylgnifasa.

Stjórnskipulag Sjálfbærniverkefnisins sem ákveðið var í upphafi hefur haldist óbreytt (sjá mynd 3). Eigendur verkefnisins bera ábyrgð á fjármögnun, vöktun og mælingum í verkefninu. Eigendur hafa bein samskipti við stýrihóp sem ber ábyrgð á framgöngu verkefnisins. Eigendur eiga hvor sinn fulltrúa í fimm manna stýrihópi verkefnisins, en auk þeirra sitja þar fulltrúar frá Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði. Landvernd átti einnig sæti í stýrihópi þangað til samtökin sögðu sig frá samstarfinu árið 2016. Undir verkefni stýrihóps fellur:

- Að gera aðgerðaáætlun/fjárhagsáætlun fyrir hvert ár. Eigendur verkefnisins, Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun, eiga síðasta orðið um hve miklu fjármagni er veitt í verkefnið. Stýrihópur forgangsraðar verkefnum eftir fjármagni.
- Að veita verkefnisstjórn aðhald og fylgja eftir aðgerða- og fjárhagsáætlun.
- Að koma með tillögur að breytingum/nýjum vísum ef við á auk þess að taka ákvarðanir um breytingartillögur sem kunna að berast.
- Að taka ákvarðanir um útgáfu og kynningarmál.
- Að bera ábyrgð á efni og innihaldi ársfundar verkefnisins.
- Annað sem viðkemur reglubundinni stjórnun verkefnisins.

Verkefnisstjórn heyrir beint undir stýrihóp og vinnur samkvæmt þeim kröfum sem stýrihópur gerir. Verkefnisstjórn er í höndum Austurbrúar (frá árinu 2013) sem sér um allan daglegan rekstur á verkefninu sem felur m.a. í sér vöktun vísa, innheimtu ganga, vefumsjón, kynningar og samskipti (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2017).

Auk þessara hópa hafa aðrir hagsmunaaðilar komið að verkefninu á fyrri stigum þess. Til annarra hagsmunaaðila teljast nágrannasveitarfélögin á Austurlandi, stoðkerfisstofnanir á Austurlandi, almenningur og fyrirtæki á Austurlandi, ríkisstofnanir og ráðuneyti, háskólar og rannsóknarstofnanir og stéttarfélög (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2017).




*Mynd 3. Stjórnskipulag Sjálfbærniverkefnis*

## *Samráðsferlið*

Árið 2004 var komið á fót samráðshópi sem samanstóð af fulltrúum ýmissa aðila sem áttu hagsmuna að gæta á áhrifasvæði virkjunar og álvers, svo og sérfræðingum í efnahags-, félags- og umhverfismálum. Fulltrúar Landsvirkjunar og Alcoa settu saman lista yfir stofnanir, samtök og fyrirtæki sem boðið var að skipa fulltrúa í hópinn. Hlutverk hópsins var að greina mikilvæg málefni og þróa vísa og mælikvarða þeirra. Hópurinn hittist fjórum sinnum, auk þess sem þátttakendur unnu milli funda með sínum samstarfsaðilum (félagasamtökum, fyrirtækjum eða stofnunum) að tillögum og rýndu gögn (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2017). Árið 2005 lauk starfi samráðs-

hópsins og lágu þá fyrir vísar og mælikvarðar og drög að markmiðum og framkvæmdaáætlun (Ildi, 2008).

Ildi ehf. var falið að gera endurmat á verkefninu árið 2008 þar sem spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur úr samráðshópnum annars vegar og hins vegar fyrir þá fulltrúa Alcoa og Landsvirkjunar sem störfuðu með hópnum. Niðurstöður leiddu í ljós að það hafi tekið tíma fyrir aðstandendur að ná takti í verkefninu vegna þess hve nýstárlegt það var en um leið upplifðu þátttakendur að ferlið hafi verið sveigjanlegt og að þeir hafi haft raunveruleg áhrif á það. Þrátt fyrir ágreining hafi farið fram opin og hreinskiptin umræða en þátttakendur hafi einbeitt sér að sameiginlegum áherslum í stað ágreinings. Einnig lýstu þátttakendur þeirri upplifun að vel hafi tekist að endurspegla ólíka hagsmunaaðila í samráðshópnum og að fyrirtækin tvö hafi verið einlæg í ásetningi sínum um hvert væri markmið samráðsins. Fulltrúar fyrirtækjanna tveggja lýstu einnig yfir trú á samstarfinu og töldu að verklag hafi verið vel skilgreint frá upphafi. Samhljómur var um mikilvægi verkefnisins og gæta þyrfti þess að halda verkefninu lifandi eftir að uppbyggingarskeiðinu lyki og rekstur þess tæki við með tilheyrandi mannaskiptum (Ildi, 2008).

### *Rýni á árangursviðmiðum um verklag í undirbúnings- og innleiðingarfasa*

Tafla 5 birtir niðurstöður rýni á verklagi og samráði í undirbúnings- og innleiðingarfasa. Niðurstöður rýninnar (svar/skýring) eru byggðar á upplýsingum af heimasíðu verkefnisins og svörum viðmælenda. Taflan sýnir að flest árangursviðmiðanna voru uppfyllt. Í upphafi var markhópur skilgreindur og komið á fót samráði við þá sem hagsmuni hafa af verkefninu. Stjórnskipan og verklag verkefnisins er skýrt og um fjölbreyttan starfshóp er að ræða. Einstaklingsviðtölin styðja þetta að mestu þó mismunandi viðhorf hafi komið fram um aðkomu náttúruverndarhópa eftir brotthvarf Landverndar. Á hinn bóginn var kostnaður starfshópa við verkefnið óljós sem og hversu miklum tíma þeir verja í vinnuna. Ársreikninga verkefnisins var ekki að finna.

*Tafla 5. Mat á árangursviðmiðum um verklag og samráð*

| Árangursviðmið | Matsspurning | Svar / skýring |
|---|---|---|
| **2. Markhópur og upplýsingagjöf** | Er markhópur skilgreindur? | Já – Virkir, óvirkir og aðrir hagsmunaaðilar verkefnisins eru tilgreindir. **Til umhugsunar:** Ekki er vitað hvort/hvernig aðrir en virkir hagsmunaaðilar nýta gögnin. Mælt er með kynningarstarfi hagsmunaaðila og kortlagningu á frekari hagnýtingu gagna. |
| | Hvernig er upplýsingum um verkefnið komið til skila? | Upplýsingar um verkefnið eru aðgengilegar á heimasíðu þess, sjalfbaerni.is sem er í eigu Alcoa. Heimasíðan er á almennu máli. Fyrir utan upplýsingar um vísana má finna upplýsingar um sögu verkefnisins, fréttir og annan fróðleik. **Til umhugsunar:** Heimasíðan hentar ágætlega til að birta fréttir, upplýsingar um viðburði og almennan fróðleik. Heimasíðan þykir þó ekki vera góður vettvangur fyrir upplýsingagjöf um stöðu vísa. Íhuga mætti aðgengi í gegnum gagnagrunn þar sem frumgögn eru aðgengileg. |
| **3. Kostnaðar- og ábatagreining** | Fer fram kostnaðar- og ábatagreining fyrir allar stærri ákvarðanir sem teknar eru innan stjórnskipulags verkefnisins? | Já - Upplýsingar eru ekki aðgengilegar en stýrihópur fer með gerð fjárhagsáætlana, forgangsröðun verkefna og úthlutun fjármagns. Ársreikningur verkefnisins liggur ekki fyrir og því er ekki vitað um árlegt fjármagn verkefnisins. |
| **4. Stjórnskipan og tenging við lykilstofnanir** | Er stjórnskipulag verkefnis skýrt? | Já - Lagt var upp með skýra hlutverkaskipan í stjórnskipulagi. **Til umhugsunar:** Það mætti kanna reynslu af hlutverkaskipan á verkefnatímanum og hvort að ástæða sé til endurskoðunar. |
| | Er ábyrgð í stjórnskipan skilgreind? | Já – Verklag er fastmótað. Hlutverk og ábyrgð hópa innan þess er skýr. Einnig voru bein, óbein eða afleidd áhrif á vísa skilgreind til þess að skilgreina ábyrgð og viðbrögð við þróun vísa. **Til umhugsunar:** Eigendur verkefnisins eru tilgreindir þeir einu sem bera ábyrgð á því að bregðast við þróun. Þó geta þeir einungis brugðist við vísum sem tengjast starfsemi þeirra á einhvern hátt en í tilfelli samfélagsvísanna mætti skilgreina viðbragð af hendi sveitarfélaganna. |
| | Eru lykilstofnanir tilgreindar? | Já - Lykilstofnanir eru eigendur, aðrir eru hagsmunaaðilar. |
| **5. Þjálfun / sérhæfing starfsfólks** | Er um fjölbreyttan hóp starfsfólks að ræða? | Já - Menntun fólks í stýrihópi er misjöfn og það hefur mismunandi tengsl við verkefnið. Bakgrunnur verkefnisstjórnar er talinn hæfa hlutverki hennar að sjá um daglegan rekstur, framkvæmd, gagnasöfnun og samskipti við ábyrgðaraðila gagnaöflunar innan Landsvirkjunar og Alcoa. Gengið er út frá því bakgrunnur ábyrgðaraðila innan fyrirtækjanna henti til þess að meta upplýsingar, afla sérfræðiálits og taka ákvarðanir. **Til umhugsunar:** Kanna mætti hvort að hlutaðeigandi telji sig þurfa þjálfun eða viðbótarþekkingu til þess að sinna vinnu sinni. Eftir því sem verkefnið þróast þarf líklega að gera ráð fyrir nýjum verkþáttum og reynslutíma á meðan ný vinnubrögð festa sig í sessi. Ávallt skal reyna tryggja þverfaglegt samstarf. |
| | Hversu mörg stöðugildi eru við verkefnið? | Óljóst - Upplýsingar ekki aðgengilegar. |
| | Hve miklum tíma er varið í vinnuna? | Óljóst – Upplýsingar ekki aðgengilegar. |

### *Upplifun hagsmunaaðila af verklagi og samráði*

Samkvæmt fulltrúa framkvæmdaraðila Sjálfbærnisverkefnisins var um mótað ferli að ræða þegar skipað var í samráðshóp verkefnisins. Fyrirtækið sem hann var fulltrúi fyrir var meðlimur í alþjóðlegu tengslaneti samtaka sem hafa langa reynslu af sambærilegum verkefnum svo sem *World business council of sustainable development, Conservation international* o.fl. Viðmælandinn hafði þannig hagnýta reynslu af því ferli sem liggur á bak við myndun og vinnu samráðshópa og því verklagsferli sem sett var af stað í verkefninu:

> Ég bar ábyrgð á viðskiptaeiningum okkar, í alþjóðlegu samhengi, af því að aðstoða einstaka viðskiptaeiningar við að innleiða og þróa þessar þrjár stoðir sjálfbærni, þ.e.a.s. umhverfisþáttinn, samfélagsþáttinn og efnahagslega þáttinn.

Grunnvinnan var því byggð á ákveðinni hugmyndafræði og reynslu þó útfærslan hafi tekið mið af verkefninu sjálfu og staðháttum. Þannig höfðu erlendir teymisstjórnendur sem fengnir voru í verkið upplýsingar um þætti sem voru einkennandi fyrir félagslegt, pólitískt og efnahagslegt umhverfi verkefnisins á Íslandi sem mótaði aðkomu þeirra frá upphafi. Í því fólst viss áskorun sem samkvæmt viðmælanda var sátt um að mæta meðal framkvæmdaaðila.

Fyrsta áskorunin fólst þó í því að mynda samráðshópana og gæta þess að sem flestir hópar samfélagsins hefðu fulltrúa innanborðs. Val þáttakenda í hópa miðaðist við að endurspegla samfélagið og um leið gæta ákveðins jafnvægis innan hópanna en einnig var lögð áhersla á að ákveðnir hagsmunaaðilar og sérfræðingar ættu aðkomu að verkefninu líkt og áður kom fram. Þannig var lögð áhersla á aðkomu erlendra sérfræðinga með reynslu af sambærilegum verkefnum og innlendra sérfræðinga sem bjuggu yfir sérþekkingu á staðháttum. Viðtölin leiddu í ljós að samráðshóparnir voru myndaðir með fulltrúum íbúa sveitarfélaga, erlendra og innlendra hagsmunaaðila og sérfræðinga, ráðamönnum, fulltrúa Landverndar og sérfræðingi sem fenginn var frá Háskóla Íslands svo eitthvað sé nefnt. Fulltrúar framkvæmdaaðila lögðu sig því fram um að draga fram sem flest sjónarmið og auk þess var akademísk sérfræðiþekking sótt til innlends háskóla með það fyrir augum að „auka trúverðuleika þeirra framkvæmdaaðila sem að verkefninu stóðu“ líkt og einn viðmælandi orðaði það. Yfirlýst markmið með samráðshópunum var að ná víðtækum, málefnalegum málamiðlunum og sátt um þau viðfangsefni og álitamál sem voru á döfinni í samfélaginu.

Samkvæmt viðmælanda var teymi sérfræðinga frá framkvæmdaaðilum og innlendum sérfræðingum „að störfum við það að reyna að velja út þá áherslu sem átti að leggja til grundvallar“ í samráðshópunum og halda utan um þau málefni sem voru afgreidd. Einn viðmælandi lýsti ferlinu sem „mjög, mjög gagnvirku.“ Fleiri höfðu á orði að sérfræðingarnir hafi unnið faglega og með

góðri stjórnun hafi verið unnt að gæta þess að allir hagsmunaaðilar kæmu sjónarmiðum sínum á framfæri. Aðrir viðmælendur voru ekki eins jákvæðir og einn segir að það hafi verið:

> dálítið ójafnvægi í samráðshópnum. Þ.e.a.s. það var alls konar fólki boðið og svo var soldið hipsum haps hverjir gátu komið.

Þannig hafi verið undir hælinn lagt hvaða aðilar, og þar með hvaða sjónarmið, hafi verið ráðandi í hópunum hverju sinni.

Líkt og áður kom fram var fulltrúi Landverndar sá eini sem var boðin þátttaka og ekki fylgdi verkefninu eftir. Takmörkuð þátttaka Landverndar í verkefninu bar ítrekað á góma í viðtölunum og var, samkvæmt viðmælendum, niðurstaða ágreinings sem var öllum hlutaðeigandi ljós frá því snemma í ferlinu. Sjónarmið umhverfisverndarsinna voru þar með ekki á dagskrá samráðs-fundanna og ekki hluti af loka niðurstöðu verkefnisins sem nokkrum viðmælendum þótti miður.

# Þróun og markmið samfélagsvísa

Í þessum kafla er fjallað um markmið og skipulag samfélagsvísa og hvaða breytingar hafa verið gerðar á vísunum og mælikvörðum þeirra frá því þeir voru upphaflega valdir.

- Rýni á árangursviðmiðum um markmið og skipulag vísa leiddi í ljós að við skipulag samfélagsvísa var þátttaka almennings og hagsmunaaðila tryggð með reglulegum samráðsfundum.
- Við skipulag vísa þykir mikilvægt að birta rök fyrir vali á vísum og tilgreina hvernig skuli bregðast við þróun þeirra. Á heimasíðu verkefnisins eru markmið hvers vísis tilgreind sem og viðbragðsáætlun. Gert er ráð fyrir reglulegu eftirliti vísa en regluleg endurskoðun hefur ekki verið tímasett. Nokkurs ósamræmis gætir hins vegar milli lýsingar á vísum og mælikvörðum og þess hvernig gögnin eru birt. Uppfæra þarf markmið, áhrif (bein, óbein eða afleidd), lýsingar og mælikvarða út frá rekstrartíma en ekki framkvæmdartíma.
- Það telst til styrkleika verkefnisins að vísarnir eru tengdir við viðeigandi vídd sjálfbærrar þróunar. Þó mætti skoða hvort tengja mætti vísana við aðrar áætlanir eða stefnumið á borð við Staðardagskrá 21.
- Samfélagsvísarnir innihalda enn sömu þætti og þegar stofnað var til þeirra. Smávægilegar breytingar hafa á hinn bóginn verið gerðar á mælikvörðum fimm vísa, aðallega vegna breytinga í gagnaöflun.
- Það var sameiginlegur skilningur hagsmunaaðila, sem rætt var við, að markmið samfélagsvísa væri að upplýsa um þróun samfélagsgerðarinnar yfir lengri tíma. Þess vegna þótti mikilvægt að vakta þá vísa sem rötuðu í gagnabankann og að forðast það að breyta vísum og mælikvörðum þeirra.
- Skiptar skoðanir voru á því meðal viðmælenda hvort þörf væri á fleiri samfélagsvísum. Einhverjir bentu á að í ljósi þess hve samfélagið hefur tekið örum breytingum þyrfti að fara fram endurmat á vísunum. Það væri fyrst nú, áratug eftir að gagnasöfnun hófst, að hægt væri að skoða þróun og greina hversu gagnlegir einstaka mælikvarðar hafi reynst og hvort þyrfti að bæta við vísum eða mælikvörðum.

### *Rýni á árangursviðmiðum um markmið og skipulag vísa*

Tafla 6 sýnir að við skipulag samfélagsvísa var þátttaka almennings og hagsmunaaðila tryggð með reglulegum samráðsfundum. Skýran rökstuðning er að finna fyrir vali á vísum og eru markmið hvers vísis tilgreind sem og áætlun um hvernig bregðast skuli við þróun þegar um er að ræða bein áhrif af framkvæmdum. Vísarnir eru jafnframt tengdir við viðeigandi vídd sjálfbærrar þróunar. Þó mætti færa rök fyrir því að vísar um tekjur íbúa og fasteignaþróun ættu betur heima undir

efnahagslegri vídd sjálfbærrar þróunar en þeirri samfélagslegu. Enn fremur mætti tengja vísana betur við ákveðnar áætlanir eða stefnumið þó ekki þurfi endilega að tengja þá við Staðardagskrá 21 frekar en t.a.m. ákvæði Parísarsáttmálans eða önnur staðbundin markmið.

Alcoa og Landsvirkjun skuldbundu sig til að fylgjast með vísum verkefnisins, upplýsa um þróun og bregðast við ef þróun vísa kallar á aðgerðir. Fyrirtækin höfðu þann fyrirvara á að þau myndu reglulega endurskoða vísana og breyta þeim ef þörf væri á til að tryggja notagildi þeirra við að mæla árangur við að uppfylla stefnumið um sjálfbærni (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2005). Þannig er gert ráð fyrir reglulegu eftirliti vísa en ekki hefur verið ákveðið hvenær endurskoðun skuli fara fram.

***Tafla 6. Mat á árangursviðmiðum um markmið og skipulag vísa***

| Árangursviðmið | Matsspurning | Svar / skýring |
|---|---|---|
| **6. Skipulag vísa** | Á hvaða víddum er sjálfbær þróun mæld? Hvert er umfangið? | Vísar voru valdir fyrir þrjár víddir sjálfbærrar þróunar: samfélag, efnahag og umhverfi. Til eru 16 samfélagsvísar, 24 umhverfisvísar, 5 efnahagsvísar, undirflokkar ekki meðtaldir. **Til umhugsunar**: Nýta mætti DPSIR ramma Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA) sem viðbót fyrir ákvarðanatöku hagsmunaaðila en slíkt hangir saman með fyrirætlun um hagnýtingu. |
| **7. Endurskoðunar-ferli og uppfærsla** | Fer reglulega fram endurskoðun á heildarkerfinu og vali á vísum? | Já – Skýrsla þessi er hluti endurskoðunarferlis. Verkefnið er ungt og því eðlilegt að kerfisbundin endurskoðun fari fyrst fram þegar til eru gögn um langtímaþróun. |
| | Hvenær og hversu oft er gert ráð fyrir endurskoðun og sjálfsmati? | Óljóst - Ekki er gert ráð fyrir endurskoðun á ákveðnum tímapunktum. **Til umhugsunar:** Mælt er með því að fastsetja endurskoðun á 5 ára fresti eftir uppgjör skammtímaþróunar. |
| **8. Stjórnskipan og þátttaka almennings** | Var þátttaka almennings og hagsmunaaðila tryggð á öllum stigum ferlisins? | Já - Í undirbúnings- og innleiðingarfasa með samráðsfundum. **Til umhugsunar:** Við endurskoðun mætti tryggja sambærilegt samráðsferli. |
| **9. Tengsl við stefnu og framtíðarsýn landshluta** | Eru markmið í Staðardagskrá 21 eða öðrum stefnum mæld með vísunum? | Nei – Fram kemur í fyrstu áfangaskýrslu verkefnisins (bls. 15) að líta megi til annarra áætlana og stefnumiða um sjálfbæra þróun en ekki fannst bein tilvísun í notkun þessara áætlana. **Til umhugsunar:** Sveitarfélögin gætu haft hag af því að tengja sjálfbærnimarkmið sín betur við áætlanir á borð við Staðardagskrá 21 eða Parísarsáttmálann. |
| **10. Kortlagning innan svæðis** | Er samanburður á milli sveitarfélaga eða fyrirtækja á Austurlandi? | Nei – **Til umhugsunar:** Gögnin gætu boðið upp á breiðari samanburð ef sambærileg gögn eru aðgengileg annarsstaðar frá. Kanna mætti hvort fleiri aðilar í atvinnurekstri vilji veita sambærilegar upplýsingar úr sínum rekstri (samanber fyrstu 6 samfélagsvísana). |

*Tafla 6. frh. Mat á árangursviðmiðum um markmið og skipulag vísa*

| Árangursviðmið | Matsspurning | Svar / skýring |
|---|---|---|
| **11. Sérfræðiálit** | Eru vísar studdir af sérfræðiáliti? | **Já** – Öllum vísum fylgir rökstuðningur fyrir vali. Ástæður og rökstuðningur fyrir vali eiga rætur í erlendum fyrirmyndum samskonar verkefna og var þróaður í samráðsferli. **Til umhugsunar:** Í endurskoðunar- og eftirfylgnisfasa er mikilvægt að endurmeta rök fyrir vali á vísum og hvernig vísarnir tengjast sjálfbærri þróun. Núverandi rök snúa aðallega að áhrifum á framkvæmdartíma en ekki rekstrartíma. Upplýsa má nánar um breytingar á rökum (gera breytingar rekjanlegar). Engra heimilda er getið í rökstuðningi og oft eru tengsl við sjálfbærni óbein, t.a.m. í gegnum velferð og lífsgæði. |
| **12. Tengsl vísa við viðeigandi vídd sjálfbærrar þróunar** | Eru vísar með skýr tengsl við viðeigandi vídd sjálfbærrar þróunar? | **Já** – Verkefnið skilgreinir þrjár víddir sjálfbærrar þróunar. Samfélagsvísir 1.14 um tekjur íbúa og 1.15. um fasteignaþróun skarast þó við efnahagslega vídd sjálfbærrar þróunar. |
| | Er skýr rökstuðningur fyrir vali á vísum sem eru tengdir eigin starfsemi fyrirtækjanna og hvernig þeir falla að markmiði sjálfbærrar þróunar? | **Já** – **Til umhugsunar:** Þar sem um er að ræða vísa um starfsemi fyrirtækjanna mætti skýra betur hvernig þeir falla að markmiði sjálfbærrar þróunar fyrir samfélagið í heild. Þannig yrði jafnframt unnt að skerpa á því hvernig vísar um eigin starfsemi skuli vera hagnýttir af öðrum hagsmunaaðilum. |
| **13. Næmni sjálfbærnivísa** | Hafa vísar fyrirfram tilgreint næmniskor / viðmið? | **Já** - Visar sem eru flokkaðir undir „bein áhrif" hafa markmið og viðbragðsáætlun. Markmið er að finna fyrir óbeina og afleidda vísa en þeim fylgir ekki viðbragðsáætlun. **Til umhugsunar:** Næmniskor telst eingöngu gagnlegt hafi hagnýtingaraðili (eigendur eða sveitarfélög) möguleika á að hafa áhrif á þróun vísanna. |

## *Breytingar á vísum og mælikvörðum*

Í fjórða áfanga Sjálfbærniverkefnisins var ákveðið að breyta númerum sjálfbærnivísanna. Þetta hafði áhrif á uppröðun vísa en ekki á innihald. Á þeim tíma sem verkefnið hefur staðið yfir hafa eftirfarandi fimm samfélagsvísar verið endurskoðaðir efnislega (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2017):

- *Vísir 1.2 Ánægja starfsfólks.* Ekki er lengur stuðst við árlegar kannanir frá VR heldur eingöngu árlega könnun Gallup. Auk þess voru fyrirtækin áður með sitt hvort markmiðið en sammældust um að miða að gildinu 4,2 eða hærra á Gallup kvarða.
- *Vísir 1.3 Öryggi starfsfólks. S*kilgreining á töpuðum vinnustundum vegna tilkynntra vinnuslysa er nú gefin upp sem fjöldi fjarveruslysa á hverjar 200.000 klst. í stað skráðra vinnustunda. H-tala (þ.e. hlutfall á hverjar 200.000 klst.) er vel þekktur mælikvarði á tíðni vinnuslysa og gefur kost á samanburði við önnur fyrirtæki og svæði.

- *Vísir 1.4 Menntun og þjálfun starfsfólks.* Vísirinn tekur til starfsmanna á Fljótsdalsstöð en ekki starfsmanna Landsvirkjunar eins og ranglega var talað um í vöktunaráætlun. Orðalagi var því breytt til samræmis við það sem mælt er.
- *Vísir 1.12 Vinnumarkaðurinn.* Valmöguleikar breyttust við mælingar á hlutfalli nýrra starfsmanna Fjarðaáls og Fljótsdalsstöðvar (var einnig áður Landsvirkjun) því Fjarðaál heldur ekki utan um valmöguleikann „brottfluttir Austfirðingar“ þó slíkar upplýsingar sé að finna hjá Fljótsdalsstöð þar sem mun færri starfa og þetta er metið hverju sinni. Alcoa leggur til að mælikvarðinn verði lagður niður þar sem ekki er til viðurkennd skilgreining á þessum mælikvarða og þar af leiðandi ógerlegt að halda utan um slíkar skráningar á kerfisbundinn hátt.
- *Vísir 1.16 Opinber þjónusta í nálægum byggðum.* Nafn vísisins var upphaflega „Heilbrigðisþjónusta í nálægum byggðum“ en í þriðja áfanga var nafninu breytt í „Opinber þjónusta í nálægum byggðum“. Upphaflega var um að ræða einn mælikvarða, þ.e. ánægju íbúa til heilbrigðisþjónustu á Austurlandi, en nú nær vísirinn einnig yfir ánægju íbúa með opinbera þjónustu í sveitarfélögum. Með breytingunni var nafninu ætlað að ná yfir báða mælikvarðana í vísinum.

Auk þess hafa tveir samfélagsvísar verið settir í óskilgreinda endurskoðun vegna aðgengi að gögnum annars vegar og vandkvæða við skilgreiningu á mælikvörðum hins vegar:

- *Vísir 1.16 - Opinber þjónusta í nálægum byggðum* - Þar sem ekki er lengur gerð þjónustukönnun hjá Landlæknisembættinu, eins og lagt var af stað með í upphafi er þessi vísir í endurskoðun (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2017).
- *1.20 Framboð á menningarviðburðum* - Vísirinn byggir á tölum frá Hagstofu Íslands. Tölurnar gefa vísbendingu um framboð á menningarviðburðum á Austurlandi en eru ekki samkvæmt vöktunaráætlun og því einungis hugsaðar til fróðleiks (Sjálfbærniverkefni á Austurlandi, 2017).

## *Sýn hagsmunaaðila á markmið og þróun vísa*

Samkvæmt viðmælendum rannsóknarinnar fylgdi yfirlýstum tilgangi verkefnisins að búa til gagnagrunn til þess að halda utan um og fylgjast með því hvernig vísarnir sjálfir og verkferlarnir í kringum vísana þróuðust til lengri tíma. Stefnt var að vel skilgreindum langtímavísum sem ekki væri hægt „að breyta eftir hentugleikum“ líkt og einn viðmælandi orðaði það og gætu vísarnir þannig gegnt hlutverki áreiðanlegra mælieininga á verkefnið. Viðmælendur töldu einnig mikilvægt að vísarnir nýttust almenningi bæði nú og í framtíðinni:

> fyrir framtíð barnanna okkar, að ef önnur slík framkvæmd kæmi til, að þá væru þessir vísar, þá væru þessar upplýsingar til að leiðbeina og til að gera betur.

Vísarnir hefðu þannig innbyggð samfélagsleg viðmið og gildi sem gætu nýst komandi kynslóðum. Langtímamarkmið og þróun vísa voru því hluti þeirrar hugmyndafræðilegu vinnu sem átti sér stað strax í upphafi mótunar verkefnisins. Í mótunarferlinu var ennfremur rætt um áratuga vöktun á þeim vísum sem rötuðu í gagnabankann:

> Ég man að það var talað um 40 ár, svona ákveðnir hlutir sem snúa að breytingum sem virkjunin gat haft, og líka samfélagsbreytingunum, að þá voru menn að segja svona, til að líta til baka og sjá hver voru raunveruleg áhrif af þessum framkvæmd-um, þá verður að horfa í einhverja áratugi.

Til þess að mæling og vöktun væri gild þurftu vísarnir, að mati viðmælenda, að vera staðlaðir. Uppistaða gagnagrunnsins þyrfti þannig að byggjast á „ákveðnum grunnvísum“ sem stæðust tímans tönn ef svo má að orði komast. Skoðun viðmælenda á fjölda grunnvísa og fækkun eða fjölgun vísa var hinsvegar breytileg. Þannig töldu einhverjir að fáir, vel grundaðir vísar væru lykil-atriði á meðan aðrir töldu mikilvægt að fjölga vísum til þess að mæta frekar skilgreindum, samfélagslegum þörfum.

Í ljósi þess tíma sem liðinn er síðan verkefnið fór af stað töldu viðmælendur ákjósanlegt að ákveðið endurmat ætti sér stað og jafnframt frekari nýting á þeim gögnum sem til eru:

> Núna þegar eru komin gögn til nokkurra ára og menn geta farið að greina trend, þá held ég að það sé að komast grundvöllur undir það að nota gögnin meira í túlkun.

Nýting gagna var viðmælendum hugleikin; allt frá uppbyggingu, vörslu og umsýslu gangagrunns-ins sjálfs til nýtingarmöguleika. Möguleg nýting gagna var m.a. tilgreind sem fræðsluefni í skólum og gagnagrunnur fyrir rannsóknir ýmiskonar, bæði fyrir fyrirtæki og menntastofnanir, og til hlið-sjónar fyrir sambærilegar framkvæmdir bæði hérlendis og erlendis. Sú hugmynd var jafnvel viðruð að gögnin gætu nýst sem grunnur fyrir uppbyggingu nýrrar hagstofu: Hagstofu Austurlands. Slík stofnun gæti, að mati viðmælanda, verið afar gagnleg fyrir sveitarfélögin á Austurlandi þar sem gagnagrunnurinn byggði á töluverðu magni af gagnlegum upplýsingum um samfélag og umhverfi landsvæðisins.

Umhverfisþátturinn var tilgreindur sem eitt af upphaflegu markmiðum verkefnisins sem viðmæl-endur almennt töldu þörf á að fylgja eftir:

> Þannig að það var eitt markmiðið: Fylgjum þessu lengra og skuldbindum okkur fram í tímann að, þannig að eftir 20 ár, ef einhver vill fara aftur í svona verkefni, þá

> liggi fyrir ekki bara eitthvað mat á umhverfisáhrifum, heldur líka gögn um hvaða áhrif hafði þetta síðan.

Raunveruleg, langtímaáhrif á umhverfið svo sem mögulegar breytingar á lífríkinu telja til þeirra atriða sem viðmælendum voru hugleikin og lögðu áherslu á að verkefnið þyrfti að ná yfir. Þróun og vöktun tilheyrandi vísa væri því nauðsynleg og einnig að sjónarmið ólíkra hópa heyrðust, þar með talið umhverfisverndarsinna. Í þessu samhengi var bent á að í raun væri ekki unnt að meta samfélagsáhrif án þess að taka mið af umhverfisþáttum og öfugt.

Meðal viðmælenda var samhljómur um mikilvægi þess að breytingar á samfélagi fólks á Austurlandi samhliða framkvæmdum væru mælanlegar. Mæld, samfélagsleg áhrif framkvæmda og reksturs fyrirtækja á borð við þau sem að verkefninu standa væru ómetanleg fyrir frekari framkvæmdir. Þá var samfélag fyrirtækjanna sjálfra gert að umtalsefni í viðtölunum. Þannig var rætt um mikilvægi þess að fylgjast með kynjahlutfalli starfsfólks sem og þjóðerni, en samkvæmt viðmælendum höfðu bæði þessi atriði tekið umtalsverðum breytingum frá upphafi verkefnisins.

Þegar talið barst að því hvernig mælikvarðarnir hafi reynst við að fylgjast með þróun sögðu viðmælendur að það væri fyrst nú, áratug eftir að gagnasöfnun hófst, að hægt væri að skoða þróun og greina hversu gagnlegir einstaka mælikvarðar hafi reynst. Jafnframt var bent á að við mat á samfélagsþróun þyrfti að gera ráð fyrir áhrifum óvæntra þátta. Til dæmis var bent á að Austurland hafi ekki farið varhluta af afleiðingum efnahagshrunsins og að það þyrfti að skoða gögnin með tilliti til þessa.

> Þetta er bara eins og alltaf í samfélagsrannsóknum, að þetta er ekki eins og að hræra í einhverju tilraunaglasi, það er svo margt sem getur haft áhrif. Eins og þegar við lögðum fyrir síðustu könnun, þá varð hrunið, 2008. Og það var nú heldur betur, það hafði einhver áhrif líka, maður skyldi ætla það.

Þá var talið gagnlegt að skoða þróun vísa og mælikvarða þeirra með einhvern samanburð við önnur landsvæði þar sem viðlíka uppbygging hefur ekki átt sér stað og var minnst á Vestfirði og Norðurland í þeim efnum. Slíkt gæti gefið mikilvæga innsýn í það hver þróunin hefur orðið á Austurlandi frá því virkjunar- og álversframkvæmdir hófust, sem einmitt er meginmarkmið Sjálfbærniverkefnisins.

# Ávinningur, birting og eftirfylgni niðurstaðna

Í kaflanum er fjallað um niðurstöður rýni á árangursviðmiðum um ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna. Til að rýna betur í ávinning vísanna er enn fremur greint frá því hvaða þróun hefur átt sér frá því vísarnir voru fyrst birtir og hvort niðurstöður séu í samræmi við markmiðin sem fyrirtækin hafa sett sér. Loks er fjallað um niðurstöður Þjóðmálakönnunar Félagsvísindastofnunar um þekkingu almennings á Sjálfbærniverkefninu. Helstu niðurstöður sýna að:

- Á heimasíðu verkefnisins eru niðurstöður settar fram á aðgengilegan og auðskiljanlegan hátt í myndum og töflum. Á hinn bóginn bentu þeir hagsmunaðilar sem rætt var við, á mikilvægi þess að búa til opinn gagnagrunn þar sem hægt væri að nálgast hrágögn sem hægt væri að greina eftir breytum sem hentuðu mismunandi hagnýtingaraðilum.
- Rýni á eftirfylgni niðurstaðna sem birtar eru á heimasíðunni leiddi í ljós að flestum vísum fylgir aðgerðaáætlun um hvernig skuli bregðast við þróun innan fyrirtækjanna en sveitarfélögin, sem eru skilgreindir hagsmunaaðilar verkefnisins, mættu einnig gera áætlun um hvernig skuli bregðast við þróun sem mæld er með samfélagsvísum.
- Hagsmunaaðilum fannst mikilvægt að að fleiri nýttu gögnin og að þau væru nýtt í víðara samhengi en nú er gert. Gögnin voru talin hafa fjölmarga hagnýtingarmöguleika fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og stjórnvöld. Til þess að unnt væri að greina hvernig gögnin nýttust við kennslu og fræðastarf þyrfti þó að fara fram fræðileg úttekt á gögnunum.
- Þegar rætt var um hvernig bæri að fylgja verkefninu eftir minntust hagsmunaaðilar á að kanna þyrfti möguleika á auknu samstarfi við aðra landshluta með viðlíka verkefni í huga.
- Þegar niðurstöður mælikvarða samfélagsvísa eru skoðaðaðar yfir tíma sést að Landsvirkjun nær oftar markmiðum sínum en Alcoa Fjarðaál.
- Niðurstöður úr Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar sýndu að þekking á tilvist verkefnisins er meiri á Austurlandi en annars staðar á landinu.

## *Rýni á árangursviðmiðum um ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna*

Stuðst var við aðferðafræði Ramos og Caeiro (2010) við rýni á hvernig gögnin væru birt á heimasíðu verkefnisins. Á heimasíðunni má finna efni sem gefið hefur verið út í tengslum við verkefnið. Þar er einnig að finna upplýsingar um hvaða aðferðafræði var notuð við gagnaöflun og eru niðurstöður settar fram á aðgengilegan og auðskiljanlegan hátt í myndum og töflum. Á hinn bóginn mætti birta gagnaskrár þannig að hagnýtingaraðilar geti sjálfir valið hvaða breytur þeir vilji nota til að greina gögnin. Enn fremur er óljóst hvort mælikvarðarnir sem heyra undir hvern vísi séu endilega þeir ákjósanlegustu. T.d. gerir Landlæknisembættið ekki lengur þjónustukönnun sem notuð var í mælikvarða á opinberri þjónustu í nálægum byggðum. Þá liggja nú fyrir ýmsir

mælikvarðar á velferð landsmanna sem ekki voru til staðar þegar mælikvarðar voru upphaflega valdir. Þar er einkum átt við félagsvísa velferðarráðuneytisins sem fjallað er um í næsta kafla skýrslunnar. Rýni á eftirfylgni niðurstaðna sem birtar eru á heimasíðunni leiddi í ljós að flestum vísum fylgir aðgerðaáætlun um hvernig skuli bregðast við þróun innan fyrirtækjanna, en sveitarfélögin, sem eru skilgreindir hagsmunaaðilar verkefnisins, mættu einnig gera áætlun um hvernig skuli bregðast við þróun sem mæld er með samfélagsvísum.

***Tafla 7. Mat á árangursviðmiðum um ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna***

| Árangursviðmið | Matsspurning | Svar / skýring |
|---|---|---|
| **14. Val á aðferðafræði við gagnaöflun og úrvinnslu** | Er aðferðafræðinni sem beitt er við gagnaöflun lýst? | Já – Gagnaöflun er gerð skil undir vöktunaráætlun samfélagsvísa og þess getið til hvaða stofnana gögn eru sótt. **Til umhugsunar:** Gæta þarf að uppfærslu þegar breytingar eiga sér stað í gagnaöflun. |
| | Getur óháður aðili endurtekið mælinguna? | Nei – Samfélagsvísarnir styðjast að miklu leyti við opinber gögn sem öllum eru aðgengileg. Hins vegar gefa fyrirtækin sjálf út upplýsingar um eigin starfsemi og er það því ekki á færi annarra að endurtaka slíkar mælingar. |
| | Eru vinnubrögðin sem notuð eru við gagnaöflun og úrvinnslu stöðluð, vottuð eða alþjóðleg? | Óljóst - Ekki er vitnað sérstaklega í stöðluð, vottuð eða alþjóðleg vinnubrögð við gagnaöflun þótt verkefnið hafi byggt á alþjóðlegu efni um vöktun sjálfbærnivísa. Vinnubrögðin við gagnaöflun eru þó í föstum skorðum í höndum verkefnisstjórnar þótt þau séu ekki sérstaklega vottuð. Bæði Landsvirkjun og Alcoa vinna eftir ISO vottunum en óljóst er hvort stöðlum er fylgt þegar fyrirtækin afla gagna fyrir Sjálfbærniverkefnið. |
| | Eru niðurstöður einstakra vísa aðgreinanlegar, opnar og aðgengilegar notendum? | Já - Gögn einstakra vísa eru framsett á myndrænan hátt eða í töfluformi eftir þeim breytum sem tilgreindar eru í lýsingu á vísi (yfirleitt kyn, aldur og landsvæði). Hrágögn eru ekki aðgengileg og því takmarkaður möguleiki á frekari úrvinnslu. **Til umhugsunar:** Aðgreining gagna fylgir framsetningu framkvæmdaraðila en ekki því sem mögulega hentar öðrum hagsmuna- og hagnýtingaraðilum. |
| | Eru niðurstöður einstakra vísa og mælikvarða auðskiljanlegar? | Já - Mælikvarðar eru útskýrðir undir lýsingu á vísi. Framsetning vísis 1.17. um gæði skóla er þó ábótavant. **Til umhugsunar:** Á heimasíðu er í mörgum tilfellum að finna viðbótarupplýsingar undir niðurstöðum sem ekki eru í samræmi við upplýsingar um vísinn. |
| | Er gagnasöfnun framkvæmd á umhverfisvænan hátt? | Óljóst – Þetta á takmarkað við gagnaöflun samfélagsvísanna sem fer að mestu fram rafrænt. |
| **15. Skölun mælikvarða í tíma og rúmi** | Eru mælikvarðar og mælieiningar sem notaðar eru fyrir hvern vísi ákjósanlegar? | Óljóst – Mælikvarðar þóttu viðeigandi í upphafi en í endurskoðunar- og eftirfylgnisfasa er mikilvægt að gera gæðamat á mælikvörðum. Til þess þarf þó frekari og víðtækari úrvinnslu, túlkun og hagnýtingu á gögnum. |

*Tafla 7. frh. Mat á árangursviðmiðum um ávinning, birtingu og eftirfylgni niðurstaðna*

| Árangursviðmið | Matsspurning | Svar / skýring |
|---|---|---|
| **16. Viðbrögð hagsmunaaðila, eiganda og hagnýtingaraðila** | Fer fram kostnaðar- og ábatagreining á ákvörðunum um innleiðingu og endurmat eða brottfall vísa? | **Óljóst** - Ekki kveðið á um fast verklag um greiningu á kostnaði og ábóta við ákvörðun um innleiðingu, endurmat og brottfall vísa. |
| | Er til aðgerðaáætlun um hvernig bregðast skuli við útkomu sjálf-bærnivísa, til þess að draga úr nei-kvæðri þróun og ýta undir jákvæða þróun? | **Já** – Tenging er milli vísa og viðbragða af hálfu fyrirtækjanna. **Til umhugsunar:** Í tilfelli samfélagsvísa eru möguleikar fyrir sveitarfélagið að tengja vísa og aðgerðaáætlun. |
| | Eru til vísar sem mæla eiga árangur stefnumótandi ákvarðana eða aðgerða? | **Nei** - Enn sem komið er mæla engir vísar árangur stefnumótandi ákvarðana. Sumir samfélagsvísanna gætu gagnast til þess að meta slíkt í starfsumhverfi fyrirtækjanna. |
| | Er vilji til þess að nýta gögnin til staðar hjá einhverjum mögulegum hagnýtingaraðilum? | **Já** – Eigendur vilja að sem flestir sjái hagnýtingargildi í gögnunum. **Til umhugsunar:** Lítið er vitað um hagnýtingu af hálfu annarra en aðstandenda og sveitarfélaga. Það stafar m.a. af því að verkefnið er ungt og gögnin hafa ekki náð að sýna fram á langtímaþróun fyrr en nú. Skynsamlegt væri að kanna áhuga og þarfir hagsmunaaðila. |
| **17. Gæðamat** | Fer reglulega fram skilgreint, staðlað gæðamat á gögnum og gagnaöflun? | **Nei** - Slíkt var áætlað í upphafi en ferlið er ekki tilbúið. **Til umhugsunar:** Setja mætti slíkt ferli í hendur framkvæmdaraðila/verkefnisstjórn sem svo myndi svara stýrihópi um niðurstöður þess og leggja fram tillögur að breytingum í kjölfarið. |
| | Hafa vísarnir fyrirfram tilgreint, staðlað gæðamatsviðmið? | **Nei** |
| | Eru tilgreindar aðferðir og aðgerðir til að endurskoða gögn og gagnaöflun fyrir gæðamat? | **Nei** |
| | Ná vísarnir sem eru í notkun stöðluðum gæðaviðmiðum? | **Nei** |
| **18. Skipulag og upplýsingastjórnun** | Er umfang við gagnaöflun hvers vísis þekkt og innan skynsemismarka? | **Óljóst** - Samfélagsvísar byggja í fyrsta lagi á opinberum gögnum frá Hagstofu, Landlækni, Menntamálastofnun, Ríkislögreglustjóra og Vinnumálastofnun, í öðru lagi á upplýsingum frá starfsmannasviðum fyrirtækjanna og í þriðja lagi á viðhorfskönnunum Gallup. Fram kemur hvenær gögnin eru sótt (t.d. árlega, 5 ára fresti) en ekkert kemur fram um annað stjórnskipulag, umfang, erfiðleika eða aðrar hindranir. **Til umhugsunar:** Framkvæmdaraðili/verkefnisstjórn ætti að kortleggja og halda utan um þessar upplýsingar. |
| **19. Kostnaður** | Er kostnaður við gagnaöflun vísis innan marka? (var gerð kostnaðar- og ábatagreining?) | **Óljóst** - Gögn Hagstofunnar fást nú aðkeypt og með sérúrvinnslu. |

*Tafla 7. frh. Mat á árangursviðmiðum um ávinning, birtningu og eftirfylgni niðurstaðna*

| Árangursviðmið | Matsspurning | Svar / skýring |
|---|---|---|
| **20. Kynning og dreifing upplýsinga** | Hvernig er þekkingu miðlað milli hagsmunaaðila og mögulegra notenda gagnanna? | Heimasíðunni er ætlað að koma upplýsingum um punktstöðu vísa til hagnýtingaraðila gagnanna en þykir ekki hentugur vettvangur. Miðlun upplýsinga fer einnig fram í formi reglulegra kynninga á vegum verkefnastjórnar og svo á árlegum ársfundi. **Til umhugsunar**: Hér eru sóknarfæri til framtíðar, kortleggja þarf þarfir fleiri aðila fyrir upplýsingagjöf og aðlaga miðlunina**.** |
| | Er ábyrgð á miðluninni skýr? | Já – Framkvæmdaraðili/verkefnisstjórn á Austurbrú sér um daglegan rekstur og uppfærslu efnis á síðunni. |
| | Er fylgst með gagnsemi miðlunarinnar? | **Nei** - Ekki er vitað hver umferð er inn á síðuna, hverjir fara þangað inn og í hvaða tilgangi. Ekki er heldur vitað hver reynsla hagnýtingaraðila er af heimasíðunni. |
| | Er skipulegu fræðslustarfi um miðlunina sinnt og fjármagni til þess varið á skipulagðan hátt? | **Óljóst** - Ekki er vitað um skipulagt starf fyrir utan fræðslu framkvæmdaraðila á ársfundum og kynningar sem þeir standa að. **Til umhugsunar:** Óski eigendur þess að efla þekkingu um verkefnið mætti verja fé í markaðsherferð, reglubundna útgáfu um þróun og stöðu vísa (ásamt túlkun) og kynningar til ólíkra markhópa. |
| | Er miðlunin virk og lifandi? Er varið fé í þróun miðilsins? | Óljóst - Miðlunin er virk og efnið reglulega uppfært. Ekki vitað um þróun á miðluninni, hvort að varið sé fé til þess að bæta heimasíðuna eða þróa nýjar leiðir til að koma gögnunum á framfæri. **Til umhugsunar:** Áratugur er langur tími þegar litið er til tæknilegra þátta, það er mikilvægt að rýna þennan þátt til hlítar við endurskoðun og eftirfylgni verkefnisins. |
| | Er haldið utan um fjölda funda, kynninga, útgáfu og fræðsluefni? | **Já** - Á heimasíðu má finna útgefið efni í tengslum við verkefnið, ársfundi og fréttir. |
| | Er framsetning niðurstaðna sett fram á auðskilinn hátt fyrir almenning/hagnýtingaraðila? | **Nei** - Framsetning er ekki heildræn, hrágögn eru ekki til staðar og túlkuð gögn ekki heldur. Texti er þó skrifaður fyrir almenning og auðskilinn þótt stundum séu upplýsingarnar ekki nákvæmlega í samræmi við markmið vísis. **Til umhugsunar:** Um er að ræða tvo aðskilda markhópa með mismunandi þarfir, almenningur sækist eftir fróðleik og túlkun á niðurstöðum, hagnýtingaraðilar þurfa hrágögn og mögulega túlkun. Mikilvægt er að huga að framsetningu gagnanna eftir markhóp. |

### *Sýn hagsmunaaðila á ávinning, birtingu og eftirfylgni*

Til þessa hefur Sjálfbærniverkefnið að mestu snúist um að þróa og safna gögnum. Hagnýting gagnagrunnsins hefur verið í þágu eigenda þess og liggur stefnumörkun þeirra til grundvallar frekari útfærslu og ráðstöfunar gagnanna:

> Það veltur svolítið á þessum fyrirtækjum hvað þau vilji með sitt verkefni. Þau hafa ekkert viljað fara í mjög detaileraða umræðu um þetta fyrr en þau eru svolítið sjálf búin að átta sig á því hvað þau væru búin að búa til og hvert þau vilja fara með það.

Í viðtölunum var samhljómur um gagnsemi þeirrar vinnu sem þegar hefur átt sér stað sem og verðmætið sem felst í gögnunum sem, með orðum viðmælanda, mynda „eitt af mjög fáum töl-fræðigagnasöfnum sem til eru á landsbyggðinni.“ Viðmælendur undirstrikuðu mikilvægi þess að nýta gagnagrunninn enn frekar og í víðara samhengi. Sú vinna sem framundan er felst, að mati viðmælenda, í fyrsta lagi í því að gera gögnin aðgengilegri og sinna almennu kynningarstarfi. Næstu skref felast í hugmyndafræðilegri vinnu, kortlagningu á raunhæfum nýtingarmöguleikum og loks samstarfi fyrirtækjanna sem að verkefninu standa og hlutaðeigandi aðila. Fram til þessa hafa upplýsingar um verkefnið verið á vefsíðu þess sem felur í sér ákveðna annmarka. Í viðtöl-unum var bent á kosti þess að búa til opinn gagnagrunn þar sem hægt væri að nálgast hrágögn en jafnframt þyrfti að vera til útgáfa með túlkuðum gögnum, t.a.m. í skýrsluformi. Grundvallar forsenda frekari hagnýtingar verkefnisins felst þó í að búa til sterkan fjárhagsgrunn fyrir þróun þess.

Líkt og áður kom fram bentu viðmælendur á fjölmarga hagnýtingarmöguleika í tengslum við verk-efnið. Í þessu samhengi var talað um stofnun formlegs gagnabanka, þekkingarfræðilega og lýðfræðilega nýtingu gagna og beina hagnýtingu fyrir sveitarfélög, fyrirtæki og stjórnvöld. Þannig er verkefnið talið geta stuðlað að bættu samfélagi, uppbyggingu fjölbreytts fyrirtækjareksturs og sem grundvöllur fyrir framtíðarstefnumótun fyrir stjórnvöld svo eitthvað sé nefnt:

> Umhverfisráðuneytið og aðrir slíkir, Umhverfisstofnun og fleiri, ættu að vera að tala um hvernig svona stóriðja, hvaða hlutverki hún gegnir. Vita af því að menn eru að vakta þetta og hversu mikil umhverfisáhrif þetta er að hafa.

Í þessu sambandi var bent á að gangabankinn og þær upplýsingar sem verkefnið býr yfir gætu reynst gagnleg í mótun regluverks með sambærilegar framkvæmdir í huga.

Þá var talið nauðsynlegt að samhliða túlkun á gögnum færi fram fræðileg úttekt. Niðurstaða slíkrar rannsóknar gæti nýst sem þekkingarfræðilegur grundvöllur fyrir fræðasamfélag og kennslu en einnig fyrir sjálfbærniþróun í stærra samhengi eða spurninguna hvort og þá hvað „fram-

kvæmdirnar þrjár, línurnar, virkjunin og álverið, leggi að mörkum til sjálfbærrar þróunar á Austurlandi.“

Uppbygging samfélaga á Austfjörðum var viðmælendum hugleikin en einnig möguleikinn á auknu samstarfi við aðra landshluta með viðlíka verkefni í huga. Síðast en ekki síst bentu viðmælendur á möguleika á alþjóðlegu samstarfi:

> Það mætti örugglega skoða það að fara í einhvers konar samstarfsverkefni með öðrum landsvæðum og búa til einhvers konar Evrópuverkefni og alls konar. Það þyrfti þá bara að vera ákvörðun verkefnisstjórnar að fara í slíkt.

Líkt og áður sagði var verkefninu í upphafi hrundið af stað að erlendri fyrirmynd og við þróun þess var horft til erlendra viðmiða og alþjóðlegra breyta. Í vinnu við frekari eftirfylgni og áframhaldandi þróun verkefnisins er slíkur samanburður og samvinna nauðsynleg að mati viðmælenda.

## *Niðurstöður samfélagsvísa um þróun samfélagsins*

Notast var við umferðaljósamatið til þess að rýna í þróun niðurstaðna sem mælikvarðar samfélagsvísa gefa. Þróunin var metin yfir lengsta mögulega tímabil, frá 2007/08, þegar framkvæmdartíma var lokið og rekstur fyrirtækjanna hófst, og fram til nýjustu gagna. Þó er um að ræða samanburð við grunnstöðu vísanna í einstaka tilvikum. Ekki var unnt að styðjast við upplýsingar af heimasíðu eingöngu og var því leitast eftir því að fá aðgengi að vinnuskjölum frá Austurbrú með hrágögnum.

Greiningin er framkvæmd á þann hátt að tekinn er mismunur af punktstöðu mælikvarða hvers vísis fyrir lengsta mögulega tímabil og niðurstöður settar fram í töflu. Til að meta breytingu var notast við 3% viðmiðunarmark og þess vegna voru öll gildi reiknuð yfir í hlutfall. *Grænt* gildi er til marks um jákvæða þróun, *gult* stendur fyrir enga breytingu (innan 3% viðmiðunarmarka) og *rautt* gildi endurspeglar neikvæða þróun. *Þrír punktar á hvítum fleti* standa fyrir skort á upplýsingum.

Umferðaljósamatið greinir tölulega þróun yfir tímabil. Í framhaldinu er fjallað um þýðingu niðurstaðna og þær settar í samhengi við markmið hvers mælikvarða fyrir sig. Einnig eru gerðar athugasemdir við vísana, orðalag þeirra og framsetningu gagnanna á heimasíðu sem kom í ljós við matið.

### Vísir 1.1 Kynjahlutfall í vinnuafli

Undir þessum vísi eru tveir mælikvarðar. Sá fyrri vaktar hlutfall karla og kvenna í störfum hjá Fjarðaáli og Landsvirkjun eftir starfaflokkun ÍSTARF95. Landsvirkjun setti sér það markmið að hlutfall starfandi karla væri 60% til móts við 40% kvenna árið 2015 en Fjarðaál setti sér það

markmið sama ár að hlutfall karla og kvenna væri jafnt. Seinni mælikvarðinn fjallar um launahlutfall kynjanna sem mælt er sem regluleg laun kvenna sem hlutfall af reglulegum launum karla hjá Fjarðaáli og Landsvirkjun, brotið niður eftir tegund starfa. Bæði fyrirtækin settu sér það markmið að launahlutfall kynjanna sé jafnt.

Tafla 8 sýnir þróun á mælikvörðum vísisins. Þar sést að það hefur orðið neikvæð þróun á heildarkynjaskiptingu í vinnuafli Alcoa sem þýðir að fyrirtækið hefur fjarlægst markmiðið um jafnt hlutfall karla og kvenna í vinnuafli. Árið 2015 var hlutfall kvenna eingöngu 23% af vinnuafli Alcoa. Hjá Landsvirkjun hafa litlar breytingar átt sér stað á kynjahlutfalli vinnuafls. Samt eru konur innan við þriðjungur starfsmanna og hefur Landsvirkjun því ekki náð markmiðum sínum um að konur væru 40% starfsfólks.

Á seinni mælikvarða vísisins, um hlutfall kvenna af launum karla, hefur orðið jákvæð þróun meðal stjórnenda hjá Alcoa. Konur í stjórnendastöðum hjá fyrirtækinu fengu 95% af launum karla árið 2008 en 98% af launum karla árið 2015. Sömuleiðis hafa laun skrifstofukvenna hjá Alcoa, sem hlutfall af launum karla, hækkað milli ára og var hlutfallið komið upp í 104% árið 2015 sem þýðir að konur sem gegndu skrifstofustörfum voru með hærri laun en karlar í sambærilegum störfum. Jákvæð launaþróun var einnig hjá konum í stöðu iðnaðarmanna sem fengu 86% af launum karla í sambærilegu starfi árið 2015. Á hinn bóginn var þróunin neikvæð meðal verkfræðinga hjá Alcoa (konur voru með 68% hlutfall af launum karla árið 2015), meðal starfsfólks í þjónustu- og verslunarstörfum (konur voru með 82% af launum karla árið 2015) og hjá véla- og vélgæslufólki (konur voru með 92% af launum karla árið 2015).

Landsvirkjun notast við annarskonar starfaflokkun en Alcoa þegar launaþróun kynjanna er mæld. Hjá Landsvirkjun hafa kjör kvenna í stöðu stjórnenda 1 versnað og höfðu þær 87% af launum karla í sambærilegri stöðu árið 2013 samanborið við 104% af launum karla árið 2008. Laun kvenna í stöðu stjórnenda 2 hafa hækkað samanborðið við laun karla, þar sem laun kvenna voru 104% af launum karla í sambærilegri stöðu árið 2008 en 109% árið 2013. Litlar breytingar voru á launahlutfalli í stöðu stjórnenda 3 en þróunin meðal sérfræðinga telst neikvæð þar sem laun kvenna voru 98% af launum karla í sömu stöðu árið 2013. Laun kvenna í sérhæfðum störfum fóru úr 77% af launum karla upp í 104% á tímabilinu. Enginn munur var á þróun launa kvenna í ósérhæfðum störfum en þær fengu 95% af launum karla í sambærilegum störfum árið 2013.

Athygli vekur að vísirinn birtir upplýsingar um vinnuafl Landsvirkjunar í heild sinni en ekki Fljótsdalsvirkjunar sérstaklega. Betra væri að eingöngu væri um starfsfólk Fljótsdalsstöðvar að ræða. Einnig væri ákjósanlegt að fyrirtækin tvö væru með samskonar starfaflokkun þegar birt eru laun kvenna sem hlutfall af launum karla.

*Tafla 8. Langtímaþróun vísis 1.1: Kynjahlutfall í vinnuafli*

**Mælikvarði A: Hlutfall karla og kvenna í störfum hjá Fjarðaáli og Landsvirkjun í samanburði við kynjahlutföll í sambærilegum störfum á landsvísu (áhrif framkvæmda: bein).**

| | MISMUNUR 2007-2015 | | |
|---|---|---|---|
| | **ALCOA - % í starfstétt** | **Landsvirkjun - % í starfstétt** | **Landið allt - % í starfstétt** |
| Stjórnendur | 4,6% | -0,5% | 0,0% |
| Sérfræðingar | 3,7% | 16,5% | 5,2% |
| Verkfræðingar | -2,6% | 0,8% | -1,4% |
| Tæknar og sérm. starfsfólk | -10,4% | -19,3% | -2,9% |
| Skrifstofufólk | 0,4% | -3,8% | 2,4% |
| Þjónustu- og verslunarfólk | 3,3% | -5,0% | -0,6% |
| Iðnaðarmenn | -1,8% | 12,5% | -0,9% |
| Véla- og vélgæslufólk | 3,0% | -3,7% | -0,6% |
| Ósérhæft starfsfólk | … | 2,7% | -1,3% |
| | **ALCOA -þar af konur** | **Landsvirkjun -þar af konur** | **Landið allt - þar af konur** |
| Stjórnendur | -25,5% | 9,8% | 7,9% |
| Sérfræðingar | 4,8% | 3,8% | 8,9% |
| Verkfræðingar | 2,0% | 4,2% | -5,9% |
| Tæknar og sérm. starfsfólk | 10,1% | -9,3% | -0,5% |
| Skrifstofufólk | -7,1% | 5,0% | -1,4% |
| Þjónustu- og verslunarfólk | … | -81,8% | -3,8% |
| Iðnaðarmenn | 4,5% | 0,0% | -1,0% |
| Véla- og vélgæslufólk | -11,8% | 0,0% | 1,7% |
| Ósérhæft starfsfólk | … | 13,3% | 6,5% |
| **Heildarkynjaskipting** | -9,0% | -1,3% | 2,1% |
| | **ALCOA - þar af karlar** | **Landsvirkjun - þar af karlar** | **Landið allt - þar af karlar** |
| Stjórnendur | 25,5% | -9,8% | -7,3% |
| Sérfræðingar | -4,8% | -3,8% | -8,9% |
| Verkfræðingar | -2,0% | -4,2% | 5,9% |
| Tæknar og sérm. starfsfólk | -10,1% | 9,3% | 0,5% |
| Skrifstofufólk | 7,1% | -5,0% | 1,1% |
| Þjónustu- og verslunarfólk | 94,1% | -18,2% | 3,8% |
| Iðnaðarmenn | -4,5% | 0,0% | 0,5% |
| Véla- og vélgæslufólk | 11,8% | -100,0% | -1,7% |
| Ósérhæft starfsfólk | … | -13,3% | -5,8% |
| **Heildarkynjaskipting** | 9,0% | 1,3% | -2,1% |

*Tafla 8. frh. Langtímaþróun vísis 1.1: Kynjahlutfall í vinnuafli*

**Mælikvarði B: Launahlutfall kynjanna í sambærilegum störfum: regluleg laun kvenna sem hlutfall af reglulegum launum karla hjá Fjarðaáli og Landsvirkjun (áhrif framkvæmda: bein).**

| ALCOA | MISMUNUR 2008-2015 % af launum karla | Landsvirkjun | MISMUNUR 2008-2013 % af launum karla | Landið allt | MISMUNUR 2008-2014 % af launum karla |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Stjórnendur 1 | -17,0% | | |
| | | Stjórnendur 2 | 5,0% | | |
| Stjórnendur | 3,0% | Stjórnendur 3 | -2,0% | Stjórnendur | 10,0% |
| Sérfræðingar | 0,0% | Sérfræðingar | -3,0% | Sérfræðingar | 7,0% |
| Verkfræðingar | -30,0% | | | Verkfræðingar | ... |
| Tæknar og sérm. starfsfólk | 0,0% | Sérhæfð störf | 27,0% | Tæknar og sérm. starfsfólk | 12,0% |
| Skrifstofufólk | 16,0% | | | Skrifstofufólk | 6,0% |
| Þjónustu- og verslunarfólk | -10,0% | | | Þjónustu- og verslunarfólk | 12,0% |
| Iðnaðarmenn | 15,0% | | | Iðnaðarmenn | -1,0% |
| Véla- og vélgæslufólk | -20,0% | | | Verkafólk | 3,0% |
| Ósérhæft starfsfólk | ... | Ósérhæfð störf | 0,0% | | |
| **Heildarkynjaskipting** | ... | | ... | **Heildarkynjaskipting** | 3,0% |

## Vísir 1.2 Ánægja starfsfólks

Í þessum vísi er ánægja fólks með starf sitt og vinnustað mæld í könnun sem gerð er árlega á vegum Capacent Gallup. Markmiðið er að meðaltalsskor á spurningunum tveimur sé 4,2 eða hærra hjá báðum fyrirtækjum. Tafla 9 sýnir prósentubreytingu á meðalskorum milli áranna 2008 og 2016. Taflan sýnir jákvæða þróun á þessum mælikvarða fyrir starfsmenn Alcoa og Fljótsdalsstöðvar. Landsvirkjun hefur ávallt náð þessu markmiði en Alcoa náði fyrst að komast yfir 4,2 stiga markmiðið árið 2016.

*Tafla 9. Langtímaþróun vísis 1.2: Ánægja starfsfólks*

| | MISMUNUR 2008-2016 |
|---|---|
| Landsvirkjun, allir | 2% |
| Landsvirkjun, Fljótsdalsstöð | 7% |
| Alcoa Fjarðaál | 3% |

## Vísir 1.3 Öryggi starfsfólks

Undir vísi um öryggi starfsfólks eru tveir mælikvarðar. Annars vegar fjöldi tilkynntra vinnuslysa á ári vegna Fljótsdalsstöðvar og Fjarðaáls þar sem skráð eru vinnuslys sem valda tveggja daga fjarveru frá starfi eða meira og hins vegar fjöldi skráðra tapaðra vinnustunda vegna tilkynntra vinnuslysa hjá Landsvirkjun, Fjarðaáli og verktökum (gefinn upp sem H200 mælikvarði, þ.e. fjöldi vinnuslysa á 200.000 unnar vinnustundir). Markmiðið er að engin slys verði skráð eða leiði til fjarvista frá vinnu á rekstrartíma. Eitt skráð vinnuslys átti sér stað í Fjarðaáli árið 2007 og um tvö tilvik var að ræða árið 2016. Hjá Fljótsdalsstöð var tilkynnt um eitt tilvik árið 2007 sem var það eina yfir tímabilið. Þegar sjónum er beint að töpuðum vinnustundum fór H200 hlutfallið fyrir

starfsmenn Alcoa úr 0,31 upp í 0,44 milli áranna 2007 og 2016. Ef rýnt er í niðurstöður með markmið fyrirtækjanna í huga þá virðast fá vinnuslys vera skráð en fyrirtækin eiga þó töluvert í land með að uppfylla markmið um að engin slys eigi sér stað sem leiða til fjarvista starfsfólks.

**Vísir 1.4 Menntun og þjálfun starfsfólks**

Tveir mælikvarðar tilheyra þessum vísi. Sá fyrri snýr að fjölda vinnustunda sem starfsfólk Fjarða-áls og Fljótsdalsstöðvar notar í þjálfun vegna vinnu. Engin markmið eiga við þennan vísi þar sem eingöngu er um vöktun á mælikvarðanum að ræða. Seinni mælikvarðinn snýr að menntun starfs-fólks fyrirtækjanna í samanburði við menntun utan höfuðborgarsvæðis og menntun á landsvísu. Markmið fyrirtækjanna er að menntunarstig starfsfólks sé jafnt eða hærra en á landsvísu.

Fjöldi stunda sem varið var í þjálfun jókst um 30.432 stundir hjá Alcoa Fjarðaáli milli áranna 2007 og 2016 og starfsmenn Fljótsdalsstöðvar bættu við 911 klukkustundum í þjálfun milli 2008 og 2014. Þar sem vinnustaðirnir eru misjafnir að stærð veita hlutföll betri samanburð. Hlutfall vinnutíma sem starfsfólk ver til námskeiða og þjálfunar var svipað árið 2007 og 2016. Engar upplýsingar er þó að finna um hvers konar þjálfun var að ræða.

Seinni mælikvarði vísisins sýnir að ekki var munur á hlutfalli grunnmenntaðs starfsfólks milli 2007 og 2016 hjá Alcoa en fleiri grunnskólamenntaðir starfa hjá fyrirtækinu en á landsvísu. Hlutfall starfs- og framhaldsmenntaðra lækkaði á sama tíma og hlutfall háskólamenntaðra jókst. Samt er hlutfall háskólamenntaðra hjá fyrirtækinu lægra en hlutfall háskólamenntaðra á landsvísu (sjá töflu 10). Það er því ljóst að Alcoa nær ekki að uppfylla markmið sitt um að menntunarstig starfsfólks sé svipað og á landsvísu og mögulega mætti gera viðbragðsáætlun vegna þessarar stöðu.

Vegna þess hve fáir starfa við Fljótsdalsvirkjun hafa mannabreytingar mikil áhrif á þróun mæli-kvarðans. Við Fljótsdalsvirkjun er enginn starfsmaður með grunnskólamenntun eingöngu. Starfs-fólki með starfs- og framhaldsmenntun fækkaði hlutfallslega milli áranna 2007 og 2013 en hlutfall háskólamenntaðra jókst. Menntunarstig starfsfólks Fljótsdalsvirkjunar er mun hærra en á lands-vísu og hefur Landsvirkjun því náð markmiði sínu og gott betur.

Athygli vakti að gögn fyrir vísinn voru ekki birt eftir kyni eins og gefið er til kynna í lýsingu á seinni mælikvarða vísisins. Mælst er til að brugðist verði við þessu, annaðhvort með því að birta kyn-greind gögn eða með því að leiðrétta lýsingu á mælikvarða.

*Tafla 10. Langtímaþróun vísis 1.4: Menntun og þjálfun starfsfólks*

| Mælikvarði B. Menntun starfsfólks hjá Alcoa Fjarðaáli og Fljótsdalsstöð og menntun á landsvísu | |
|---|---|
| **Alcoa - allir** | MISMUNUR 2007-2013 |
| Grunnmenntun | -2% |
| Starfs- og framhaldsskólamenntun | -6% |
| Háskólamenntun | 7% |
| **Fljótsdalsstöð** | |
| Grunnmenntun | 0% |
| Starfs- og framhaldsskólamenntun | -5% |
| Háskólamenntun | 5% |
| **Starfandi allir** | |
| Grunnmenntun | -4% |
| Starfs- og framhaldsskólamenntun | -1% |
| Háskólamenntun | 5% |

### Vísir 1.5 Samfélagsleg virkni starfsfólks

Þessi vísir á eingöngu við um starfsfólk Alcoa. Fyrirtækið hefur komið þremur alþjóðlegum samfélagsverkefnum á fót til þess að liðsinna frjálsum félagasamtökum og þjónustustofnunum í heimabyggð fyrirtækjanna. Þetta eru verkefnin *Action (Alcoans coming together in our neighbourhood)*, *Alcoans in motion* og *Bravo* sem starfsmenn Alcoa um allan heim taka þátt í.

Mælikvarði þessa vísis er tilgreindur sem sá tími sem starfsmenn Alcoa Fjarðaáls nota í samfélagsverkefni sem fyrirtækið styrkir og er upplýsingunum safnað í lok hvers árs. Markmið Alcoa er að 60% starfsmanna taki þátt í samfélagsverkefnum.

Gögnin sem gefin eru upp fyrir þennan vísi innihalda mun ítarlegri mælikvarða en lýsing gaf til kynna. Þar eru mælikvarðar fyrir: a) fjölda starfsmanna sem tók þátt í *Action*, *Bravo* og *Alcoans in motion* verkefnum á árunum 2007 – 2016, b) hlutfall starfsmanna Alcoa Fjarðaáls sem tók þátt í *Action*, *Bravo* og *Alcoans in motion* verkefnum á árunum 2007 – 2016 og c) fjölda vinnustunda sem starfsmenn Alcoa Fjarðaáls lögðu fram í sjálfboðavinnu í gegnum samfélagsverkefni fyrirtækisins á árunum 2007 – 2016.

Fjöldi starfsfólks sem tók þátt í *Action*, *Bravo* og *Alcoans in motion* jókst milli áranna 2007 og 2016 (fór úr 109 í 206). Sömuleiðis jókst fjöldi vinnustunda sem starfsfólk lagði fram í sjálfboðavinnu í gegnum samfélagsverkefni fyrirtækisins á árunum 2007 til 2015 (fór úr 5.729 í 17.109). Árið 2016 féllu *Bravó* styrkir niður og í ljósi þess að starfsfólk hafði varið mestum tíma í *Bravó* verkefnin dró verulega úr fjölda vinnustunda sem nýttar voru í sjálfboðavinnu í gegnum samfélagsverkefnin milli áranna 2015 og 2016. Tafla 11 birtir breytingu sem varð á hlutfalli starfsmanna Alcoa Fjarðaáls sem tók þátt í *Action*, *Bravo* og *Alcoans in motion* frá 2007 til 2016. Þar sést að hlutfall starfsmanna hækkaði um 19 prósentustig.

*Tafla 11. Langtímaþróun vísis 1.5: Samfélagsleg virkni starfsfólks*

| Hlutfall starfsmanna Alcoa Fjarðaáls sem tók þátt í *Action*, *Bravo* og *Alcoans in motion* verkefnum á tímabilinu | |
|---|---|
| Action 2007-2016 | 58% |
| Bravo 2007-2015 | 62% |
| Alcoans in motion 2014-2016 | 47% |
| **Samtals 2007-2016** | 44% |

### Vísir 1.6 Íslenskum lögum og reglugerðum fylgt

Þessi vísir telur þau atvik sem heilbrigðiseftirlitið setur í flokk 2 (ef um alvarlegt brot á starfsleyfi er að ræða) og ábendingar um brot á reglum þó alvarleiki gefi ekki ástæðu til sérstaks kröfubréfs. Markmið fyrirtækjanna er að engin slík tilvik komi upp. Hjá Alcoa var ekkert tilfelli skráð árið 2007 en eitt árið 2015. Engin tilvik voru skráð hjá Landsvirkjun árin 2007 og 2015.

Til að gefa mynd af eðli tilvika sem skráð eru má nefna að árið 2008 voru skráð tvö atvik hjá Alcoa Fjarðaáli. Annars vegar vegna þess að skýrsla var ekki send inn til Umhverfisstofnunar á tilsettum tíma og hins vegar mældist olíu- og fituinnihald í fráveituvatni yfir mörkum starfsleyfis. Sama ár barst ein tilkynning um að Landsvirkjun hefði brotið matvælareglugerð. Vegna þess hversu ólík þessi tilvik eru veitir langtímaskoðun á þróun afar litlar upplýsingar einar og sér. Mögulega væri gagnlegra að skipta þessum tilvikum niður eftir alvarleika í stað þess að hafa eingöngu einn mælikvarða.

### Vísir 1.11 Lýðfræðilegar breytingar

Undir vísi um lýðfræðilegar breytingar eru tveir mælikvarðar. Annars vegar mælikvarði á kynja- og aldurssamsetningu á Austurlandi borin saman við landið í heild og hins vegar mælikvarði á íbúafjölda á Austurlandi. Markmið fyrri mælikvarðans er jafnvægi í kynja- og aldurssamsetningu á Austurlandi í samanburði við aldursdreifingu á landsvísu með aðhvarfsstuðulinn ($r^2$) = 1.0. Markmið seinni mælikvarðans er að aukning verði í íbúafjölda á Austurlandi.

Ekki var unnt að framkvæma mat á langtímaþróun í kynja- og aldurssamsetningu á Austurlandi. Hrágögn voru ekki aðgengileg og framsetning ganga á heimasíðu ekki á því formi að hægt væri að nýta þau til þess að reikna hlutfallslega breytingu milli ára.

Gögnin af heimasíðunni fyrir síðari mælikvarðann, um þróun íbúafjölda á Austurlandi, eru þó fjölbreyttari en lýsing mælikvarðans gefur til kynna. Rýnt var í upplýsingar um íbúafjölda á Austurlandi (þ.e. Seyðisfirði, Fjarðabyggð, Vopnafjarðarhreppi, Fljótsdalshreppi, Borgarfjarðarhreppi, Breiðdalshreppi, Djúpavogshreppi, Fljótsdalshéraði og Sveitarfélaginu Hornafirði) sem hlutfall af heildarmannfjölda á Íslandi. Tafla 12 sýnir hlutfallslega breytingu á fjölda íbúa á Austurlandi milli

áranna 2003 og 2017 annars vegar og 2007 og 2017 hins vegar. Taflan sýnir einnig jákvæða breytingu á hlutfalli íbúa á Austurlandi en íbúum á Austurlandi hefur þó ekki fjölgað sem hlutfalli af landinu í heild. Samanburður milli áranna 2007 og 2015 sýnir aftur á móti neikvæða þróun í mannfjölda sem e.t.v. má rekja til þess að vinnuafl sem starfaði að framkvæmdunum sé horfið á braut. Markmiðinu um fjölgun íbúa á Austurlandi er því náð en ekki ef miðað er við hlutfall af heildarmannfjölda á landinu. Orða mætti markmiðið skýrar til samræmis við þau gögn sem aflað er.

***Tafla 12. Langtímaþróun vísis 1.11: Lýðfræðilegar breytingar – b) íbúafjöldi á Austurlandi***

| | MISMUNUR 2003-2017 | MISMUNUR 2007-2017 |
|---|---|---|
| **Heildarmannfjöldi á Austurlandi** | **14,7%** | **-23,3%** |
| **Miðað við hlutfall af heildarmannfjölda á Íslandi** | **-0,3%** | **1,3%** |

### Vísir 1.12 Vinnumarkaðurinn

Þrír mælikvarðar eru undir vísi um vinnumarkað. Sá fyrsti greinir frá hlutfalli nýrra starfsmanna Fjarðaáls og Fljótsdalsstöðvar. Greint er frá því hvort viðkomandi búi á Austurlandi, sé brottfluttur Austfirðingur, búi annarsstaðar á Íslandi eða erlendis við ráðningu. Mælikvarðanum var breytt árið 2015 þar sem Alcoa hélt ekki utan um hlutfall nýrra starfsmanna sem voru brottfluttir Austfirðingar og var valmöguleikinn felldur niður í frekari gagnaöflun. Engin markmið eiga við um þennan mælikvarða. Annar mælikvarðinn fjallar um fjölda og hlutfall starfa í lykilatvinnugreinum á Austurlandi og á landsvísu og er Hachman vísitalan notuð til að reikna út fjölbreytni á Austurlandi í samanburði við efnahagslega fjölbreytni á landsvísu. Sett markmið fyrir þennan mælikvarða er að „viðhalda fjölbreytileika í atvinnulífi" líkt og segir á heimasíðu. Þriðji mælikvarðinn fjallar um hlutfall vinnuafls á Austurlandi sem starfar fyrir Fjarðaál og Landsvirkjun. Markmið þessa mælikvarða er að hlutfallið muni lækka með tímanum.

Landshlutagreining á atvinnulífi er ekki lengur unnin árlega hjá Hagstofu Íslands og gögn eru eingöngu birt fyrir árið 2011. Þess vegna var ekki unnt að greina þróun fyrir annan mælikvarða vísisins. Þar sem gögn eru ekki lengur aðgengileg frá Hagstofu ætti að fella mælikvarðann úr gildi nema unnt sé að afla upplýsinga annarsstaðar frá. Tafla 13 lýsir því þróun á fyrsta og þriðja mælikvarða vísisins. Hlutfallslega fleiri starfsmenn Alcoa eru búsettir á Austurlandi árið 2016 (94,6%) en árið 2008 (89%). Sömuleiðis er jákvæð þróun í búsetu starfsfólks Fljótsdalsvirkjunar þar sem allir starfsmenn voru búsettir á Austurlandi árið 2016 en einn starfsmaður var búsettur annarsstaðar á landinu árið 2008. Taflan sýnir þó jafnframt að hlutfall vinnuafls á Austurlandi sem starfar fyrir Fjarðaál og Landsvirkjun hefur nokkurn veginn staðið í stað og markmiðinu um að hlutfallið muni lækka með tímanum hefur því ekki verið náð.

Athygli er vakin á því að nokkrir annmarkar voru á því að skoða þróun á vísi um vinnumarkaðinn. Fyrirtækin tvö birta mismunandi gögn yfir hvaðan nýráðnir starfsmenn koma. Fljótsdalsvirkjun gefur upp fjöldatölur en Alcoa hlutfall og breytingar sem gerðar voru á vísinum árið 2015 torvelda samanburð enn frekar. Ennfremur eru gögn á heimasíðu um nýtt starfsfólk mun fjölbreyttari en lýsing á mælikvarðanum gefur til kynna. Loks eru engin gögn frá undirverktökum eins og gefið var til kynna í vöktunaráætlun. Það þyrfti því að endurskoða lýsingu á mælikvarða, umfang gagnaöflunar og framsetningu gagna.

***Tafla 13. Langtímaþróun vísis 1.12: Vinnumarkaðurinn***

| | |
|---|---|
| **Mælikvarði A: Búseta starfsmanna Fjarðaáls og Landsvirkjunar** | |
| | MISMUNUR 2008-2016 |
| Búseta starfsmanna Alcoa Fjarðaáls - á Austurlandi | **6%** |
| Búseta starfsmanna Alcoa Fjarðaáls - annars staðar á | **-5%** |
| Búseta starfsmanna Fljótsdalsstöðvar - Austurlandi | **8%** |
| Búseta starfsmanna Fljótsdalsstöðvar - annars staðar á | **-8%** |
| **Mælikvarði C: Hlutfall vinnuafls á Austurlandi sem starfar fyrir Landsvirkjun og Fjarðaál** | |
| | MISMUNUR 2008-2015 |
| Fjarðaál | **1,37%** |
| Landsvirkjun | **0,03%** |

## Vísir 1.13 Atvinnuleysi

Vísirinn vaktar hlutfall atvinnulausra á Austurlandi. Markmið vísis er að hlutfall atvinnulausra á Austurlandi sé lægra eða jafnt hlutfalli á landsvísu. Þó það sé ekki í lýsingu á vísi eru gögn sett fram á tvo vegu. Annars vegar er hlutfall atvinnulausra brotið niður eftir landshlutum og hins vegar er hlutfall atvinnulausra á Austurlandi brotið niður eftir kyni.

Atvinnuleysi jókst á milli áranna 2007 og 2015 og fylgdi þróunin á Austurlandi þróun á landsvísu. Markmiði vísis um að atvinnuleysi sé lægra á Austurlandi eða jafnt hlutfalli á landsvísu hefur því staðist þrátt fyrir aukningu á atvinnuleysi milli ára. Atvinnuleysisaukningin á Austurlandi er þó ekki jöfn eftir því hvort kynið á í hlut þar sem meiri aukning er á atvinnuleysi meðal kvenna en karla.

## Vísir 1.14 Tekjur íbúa

Undir vísi um tekjur íbúa eru tveir mælikvarðar. Sá fyrri ber meðallaun á Austurlandi saman við meðallaun á Íslandi. Markmið þessa mælikvarða er að meðaltal sé jafnt eða hærra en meðaltal á landsvísu. Síðari mælikvarðinn birtir laun starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar í samanburði við meðallaun á Íslandi. Markmið mælikvarðans er að meðaltekjur séu jafnar eða hærri en meðaltekjur í öðrum atvinnugreinum á Austurlandi. Engin viðbragðsáætlun er við þennan vísi heldur er eingöngu um vöktun upplýsinga að ræða. Tafla 14 sýnir þróun á vísinum. Meðaltekjur og launatekjur voru hærri árið 2015 á Austurlandi en á landinu í heild og höfðu hækkað meira á

Austurlandi en annars staðar á landinu frá árinu 2007. Meðaltekjur starfsfólks fyrirtækjanna hækkuðu einnig og voru töluvert hærri en meðallaun landsmanna. Ekki er þó tekið tillit til þátta sem hafa áhrif á laun og t.d. sýndi vísir 1.4 að menntunarstig starfsfólks Fljótsdalsstöðvar er hærra en hjá Fjarðaáli sem getur skýrt það hvers vegna laun eru almennt hærri í Fljótsdalsstöð en hjá Alcoa Fjarðaáli. Markmiðum beggja mælikvarðanna er náð.

Fram kemur í yfirliti gagna að ekki liggi fyrir upplýsingar um meðaltekjur í einstaka atvinnugreinum á Austurlandi og því sé eingöngu hægt að birta heildarsamanburð. Brýnt er að breyta orðalagi mælikvarða samkvæmt þessu í framhaldinu.

***Tafla 14. Langtímaþróun vísis 1.14: Tekjur íbúa***

| | |
|---|---|
| **Mælikvarði A: Árslaun á Austurlandi og Íslandi** | |
| | MISMUNUR 2007-2015 |
| Heildartekjur Austurland | **54%** |
| Heildartekjur Ísland | **18%** |
| Launatekjur Austurland | **81%** |
| Launatekjur Ísland | **40%** |
| **Mælikvarði B. Árslaun starfsfólks Fjarðaáls og Landsvirkjunar** | |
| | MISMUNUR 2007-2015 |
| Ísland | **49%** |
| Alcoa Fjarðaál | **46%** |
| Fljótsdalsstöð | **42%** |

### Vísir 1.15 Fasteignaverð

Í þessum vísi er meðal fasteignaverð á Austurlandi og á landsvísu borið saman við breytingar á meðaltekjum. Áhrif eru talin vera óbein og eru engin markmið tilgreind. Mælikvarðar vísisins eru þrír. Í fyrsta lagi er birt þróun fasteignaverðs á Austurlandi í samanburði við landið allt, landsbyggðina og höfuðborgarsvæðið. Í öðru lagi er að finna upplýsingar um fjölda kaupsamninga á ári hverju sem hlutfall af fjölda kaupsamninga árið 2001, á Austurlandi, landsbyggðinni, höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu. Í þriðja lagi eru birtar upplýsingar um meðalfasteignaverð sem hlutfall af meðallaunatekjum á ári. Tafla 15 sýnir þróun þessara mælikvarða. Fasteignaverð var hærra árið 2015 en 2007 og hafði hækkað um 23 prósentustig á tímabilinu. Fasteignaverð hækkaði mest á höfuðborgarsvæðinu en minnst á Austurlandi. Á sama tíma dró úr fjölda kaupsamninga en þó voru fleiri kaupsamningar gerðir á Austurlandi en landinu öllu. Milli áranna 2007 og 2014 hefur meðalfasteignaverð sem hlutfall af tekjum lækkað hlutfallslega meira á Austurlandi en landinu öllu. Ljóst er að þessi vísir er undir áhrifum frá öðrum þáttum en álvers- og virkjunarframkvæmdum og er líklegt að efnahagshrunið hafi haft mikið að segja.

*Tafla 15. Langtímaþróun vísis 1.15: Fasteignaverð*

| | |
|---|---|
| **Þróun fasteignaverðs** | MISMUNUR 2007-2015 |
| Landið allt | **23%** |
| Höfuðborgarsvæðið | **25%** |
| Landsbyggðin | **19%** |
| Austurland | **8%** |
| **Fjöldi kaupsamninga sem hlutfall af fjölda kaupsamninga á árinu 2001** | MISMUNUR 2007-2015 |
| Landið allt | **-25%** |
| Höfuðborgarsvæðið | **-26%** |
| Landsbyggðin | **-24%** |
| Austurland | **-25%** |
| **Meðalfasteignaverð sem hlutfall af meðal launatekjum á ári** | MISMUNUR 2007-2014 |
| Landið allt | **-8%** |
| Austurland | **-39%** |

Upplýsingar um mælikvarða vísins mættu vera betur útlistaðir í lýsingu á vísi. Um er að ræða þrjá mælikvarða en lýsing á vísi á einungis við um einn þeirra. Þá vantar rökstuðning fyrir því að miða við árið 2001. Einnig vakti athygli að greint er frá því að upplýsinga sé aflað frá Ríkisskattstjóra og Þjóðskrá en þessir aðilar eru ekki þeir sömu og tilgreindir eru í vöktunaráætlun vísis.

### Vísir 1.16 Opinber þjónusta í nálægum byggðum

Þessi vísir er í endurskoðun þar sem ekki er lengur gerð þjónustukönnun hjá Landlæknisembætt-inu. Niðurstöður liggja fyrir frá árunum 2003 og 2005 um þjónustu á heilsugæslustöðvum á Austurlandi. Að auki hefur ánægja íbúa með opinbera þjónustu á svæðinu ekki verið könnuð sér-staklega. Vegna þessara annmarka er ekki til markmið fyrir þennan vísi.

Þess í stað eru niðurstöður viðhorfskönnunar sem Capacent Gallup framkvæmdi fyrir Alcoa Fjarðaál birtar til fróðleiks. Spurt er um ánægju með þjónustuna sem er í boði á Mið-Austurlandi og hvað fólki finnist þurfa að bæta í þjónustu við íbúa. Niðurstöður sem birtar eru í töflu 16 gefa til kynna að ánægja íbúa með opinbera þjónustu í sveitarfélaginu hafi haldist stöðug milli ára. Á hinn bóginn eru hlutfallslega fleiri sem telja að bæta þurfi heilbrigðisþjónustu árið 2015 en árið 2007 en hlutfall þeirra sem segja að bæta þurfi verslun og afþreyingu hefur lækkað. Hlutfall þeirra sem nefna samgöngumál er óbreytt milli ára.

Mælst er til að sveitarfélögin komi sérstaklega að framtíðarþróun þessa vísis.

*Tafla 16. Langtímaþróun vísis 1.16: Opinber þjónusta í nálægum byggðum*

| | |
|---|---|
| **Mælikvarði A: Ánægja íbúa með heilbrigðisþjónustu á Austurlandi** | Gögn ekki birt eftir árið 2005 |
| **Mælikvarði B: Ánægja íbúa með opinbera þjónustu í sveitarfélögum** | MISMUNUR 2007-2015 |
| Niðurstöður úr könnun Alcoa meðal íbúa á Mið-Austurlandi. Meðaltalsþróun yfir ánægju íbúa með þjónustu á Mið-Austurlandi | 0% |
| Niðurstöður úr könnun Alcoa meðal íbúa á Mið-Austurlandi: Afstaða þeirra sem sögðust vera óánægðir með að búa á Mið-Austurlandi - hvað mætti bæta? | MISMUNUR 2007-2015 |
| Heilbrigðisþjónustu | 13,2% |
| Verslun | -28,6% |
| Samgöngur | 1,5% |
| Afþreying/félagslíf | -19,6% |

## Vísir 1.17 Gæði skóla

Hér eru kynntir tveir mælikvarðar, annars vegar á niðurstöðum samræmdra prófa í skólum á Austurlandi í 4., 7. og 10. bekk og hins vegar á hlutfalli grunnskólakennara með kennsluréttindi. Markmið vísisins eru að meðaleinkunn á Austurlandi skuli vera hærri eða jafnhá meðaltali á landsvísu og að hlutfall réttindalausra kennara á Austurlandi skuli vera lægra eða jafnt og á landsvísu. Tafla 17 sýnir að einkunnir í íslensku og stærðfræði í 4 bekk lækkuðu lítið eitt milli áranna 2009 og 2015. Nemar í 7. bekk bættu sig í stærðfræði og í 10. bekk hækkuðu einkunnir í íslensku og ensku. Einkunnir samræmdra prófa mættu þó vera settar skýrar fram á heimasíðu verkefnisins og gæta þarf þess að niðurstöðum fylgi fullnægjandi skýringar á því hvernig ber að túlka mælikvarðann. Tafla 17 sýnir einnig að hlutfall grunnskólakennara án réttinda hefur lækkað meira á Austurlandi en á landsvísu.

*Tafla 17. Langtímaþróun vísis 1.17: Gæði skóla*

| | |
|---|---|
| **Mælikvarði A. Niðurstöður samræmdra prófa í grunnskóla (4., 7. og 10 bekk) á Austurlandi og á landsvísu** | |
| **4. bekkur** | MISMUNUR 2009-2015 |
| Íslenska | -3% |
| Stærðfræði | -8% |
| **7. bekkur** | |
| Íslenska | 0,2% |
| Stærðfræði | 13% |
| **10. bekkur** | |
| Íslenska | 5% |
| Stærðfræði | 2% |
| Enska | 4% |
| **Mælikvarði B. Hlutfall grunnskólakennara án réttinda á Austurlandi borið saman við á landsvísu** | |
| | MISMUNUR 2007-2014 |
| Austurland | -23,8% |
| Landið allt | -10,7% |

### Vísir 1.18 Samfélagsleg velferð

Fylgst er með tíðni lögbrota á Austurlandi samanborið við landið allt og einnig tíðni slysa á völdum leiðum á Austurlandi. Sett markmið er að tíðni afbrota á Austurlandi sé lægri en tíðni afbrota á landsvísu og fjöldi afbrota á hverja 10.000 íbúa sé minni eða jafn viðmiðunargildi. Markmið mælikvarða um tíðni slysa er að fjöldi slysa (á hverja milljón ekinna km) sé minni eða jöfn viðmið-unargildi. Viðmiðunargildi markmiðsins er þó ekki tilgreint og þess vegna er erfitt að meta ár-angur. Tafla 18 sýnir að afbrotatíðni stóð nokkurn veginn í stað milli ára og er markmiðum fyrirtækjanna því náð.

Slys á leiðinni milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar voru jafnmörg árið 2015 og þau voru 2007, eða tvö á hverja milljón ekinna km. Eitt slys var að meðaltali á hverja milljón ekinna km á leiðinni milli Egilsstaða og Hallormsstaðarskógar árið 2007 og átta árum síðar voru þau jafnmörg. Einnig stóð slysatíðni milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar, annars vegar, og Reyðarfjarðar og Norðfjarðar, hins vegar, í stað.

*Tafla 18. Langtímaþróun vísis 1.18: Samfélagsleg velferð*

| **Mælikvarði A: Tíðni auðgunarbrota, líkamsárása og skemmdarverka á Austurlandi og á landsvísu** | |
|---|---|
| **Auðgunarbrot á hverja 10.000 íbúa** | MISMUNUR 2007-2014 |
| Ísland | -0,1% |
| Austurland | -0,2% |
| **Ofbeldisbrot á hverja 10.000 íbúa** | |
| Ísland | -0,1% |
| Austurland | -0,2% |
| **Eignaspjöll á hverja 10.000 íbúa** | |
| Ísland | -0,3% |
| Austurland | -0,5% |
| **Fíkniefnabrot á hverja 10.000 íbúa** | |
| Ísland | 0,1% |
| Austurland | 0,2% |

### Vísir 1.19 Viðhorf samfélags til starfsemi Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Gallup framkvæmir árlega könnun meðal íbúa á Austurlandi þar sem meðal annars er spurt um viðhorf til fyrirtækjanna tveggja. Markmið þessa vísis er að 75% Austfirðinga séu jákvæðir gagnvart fyrirtækjunum. Tafla 19 sýnir að hlutfallslega fleiri voru jákvæðir í garð fyrirtækjanna árið 2007 en árið 2016. Árið 2016 voru 66,6% Austfirðinga jákvæðir í garð Landsvirkjunar og því ljóst að fyrirtækið nær ekki settu markmiði og hefur ekki gert síðan 2013. Á hinn bóginn voru 72,8% aðspurðra jákvæðir í garð Alcoa.

Athygli vekur að spurt er um viðhorf til Landsvirkjunar en ekki til Fljótsdalsstöðvar eða starfseminnar á Austurlandi. Ráða mætti bót á þessu. Á heimasíðu er einnig misræmi að finna í lýsingu á niðurstöðum og í vöktunaráætlun um hvað er mælt.

*Tafla 19. Langtímaþróun vísis 1.19: Viðhorf samfélags til starfsemi Fjarðaáls og Landsvirkjunar*

| Hlutfall þeirra sem eru jákvæð gagnvart Landsvirkjun og Alcoa Fjarðaáli | |
|---|---|
| | MISMUNUR 2007-2016 |
| Landsvirkjun | -10,5% |
| Fjarðaál | -4,6% |

**Vísir 1.20 Framboð á menningarviðburðum**

Þar sem þessi vísir er í endurskoðun er ekki að finna markmið fyrir vísinn. Upplýsingarnar sem birtar eru undir þessum vísi á heimasíðu eru því einungis hugsaðar til fróðleiks. Árið 2010/2011 voru tvö áhugaleikfélög á Austurlandi sem var fækkun um tvö leikfélög frá því árið 2007. Gestir á söfn og sýningar voru fleiri árið 2010 en 2007 en þó dró úr aðsókn hjá leikfélögunum á Austurlandi. Söfnum fjölgaði um eitt frá 2007 og voru þau 18 árið 2010.

## *Þekking almennings á Sjálfbærniverkefninu*

Þekking á tilvist gagnanna er forsenda aukinnar hagnýtingar. Þess vegna þótti mikilvægt að kanna þekkingu fólks á verkefninu. Fimm viðhorfsspurningar voru lagðar fyrir í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunnar til þess að leggja mat á hve vel almenningur á Íslandi þekkti til Sjálfbærniverkefnisins. Í viðauka 2 eru niðurstöður spurninganna greindar eftir bakgrunni þátttakenda.

Fyrst voru þátttakendur spurðir hversu vel eða illa þeir þekktu til hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar (sjá mynd 4). Tölfræðilega marktækur munur var á dreifingu svara eftir búsetu. Munurinn fólst einkum í því að þátttakendur á höfuðborgarsvæðinu voru líklegri en þátttakendur á Austurlandi og annars staðar á landsbyggðinni til að þekkja frekar eða mjög illa til hugmyndafræðinnar.




*Mynd 4. Hversu vel eða illa þekkir þú til hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar? – Greint eftir búsetu*

Næst var spurt um þekkingu fólks á Sjálfbærniverkefninu. Mynd 5 sýnir að hlutfallslega fleiri af Austurlandi en annars staðar á landinu þekktu mjög eða frekar vel til verkefnisins.




***Mynd 5. Hversu vel eða illa þekkir þú til sjálfbærniverkefnis Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar, sem fylgjast með áhrifum Kárahnjúkavirkjunar og álversins á Reyðarfirði á samfélag, umhverfi og efnahag á Austurlandi? – Greint eftir búsetu***

Þátttakendur sem þekktu mjög eða frekar vel til verkefnisins og þeir sem þekktu hvorki vel né illa til verkefnisins voru spurðir um þekkingu sína á vísum Sjálbærniverkefnisins. Eins og sést á mynd 6 þekktu 9% þátttakenda á Austurlandi mjög eða frekar vel til vísanna. Ekki var unnt að greina hvort marktækur munur væri milli landsvæða vegna fámennis í hópum.




***Mynd 6. Hversu vel eða illa þekkir þú þá vísa sem verkefnið fylgist með? – Greint eftir búsetu***

Þátttakendur sem þekktu mjög eða frekar vel til verkefnisins og þeir sem þekktu hvorki vel né illa til verkefnisins voru sömuleiðis spurðir hversu vel eða illa þeir þekktu heimasíðu verkefnisins. Mynd 7 sýnir að hlutfallslega fáir þekktu mjög eða frekar vel til heimasíðunnar. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á afstöðu svarenda eftir búsetu.




***Mynd 7. Hversu vel eða illa þekkir þú til heimasíðu verkefnisins www.sjalfbaerni.is? – Greint eftir búsetu***

Loks var fólk sem þekkti til verkefnisins spurt hversu miklu eða litlu máli það skipti fyrir sjálfbæra þróun og samfélagsuppbyggingu til framtíðar á Austurlandi að gagnasöfnun verði haldið áfram. Töluverður munur var á afstöðu svarenda eftir búsetu þó ekki hafi verið unnt að greina hvort hann væri tölfræðilega marktækur vegna fárra svara frá Austurlandi (n=21). Mikill meirihluti (81%) svarenda á Austurlandi taldi það skipta mjög eða frekar miklu máli að halda gagnasöfnun áfram.

Á sömu skoðun voru 53% svarenda á höfuðborgarsvæðinu og 65% svarenda annarstaðar á landinu.




***Mynd 8. Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta fyrir sjálfbæra þróun og samfélagsuppbyggingu til framtíðar á Austurlandi að gagnasöfnun verkefnisins verði haldið áfram? – Greint eftir búsetu***

Niðurstöðurnar sýna að þekking á verkefninu er almennt lítil en að meðal þeirra sem þekkja til verkefnisins ríkir jákvætt viðhorf í garð þess að halda gagnasöfnun áfram.

# Samanburður við félagsvísa

Í þessum kafla er fjallað um rýni á félagsvísum velferðarráðuneytisins. Tilgangur rýninnar var að koma auga á hvaða vísa væri unnt að nýta í samfélagsvísa Sjálfbærniverkefnisins. Helstu niðurstöður sýna að:

- Allir mælikvarðar félagsvísa þóttu viðeigandi fyrir Sjálfbærniverkefnið. Félagsvísarnir eru þó þeim takmörkunum háðir að niðurstöður eru ekki brotnar niður eftir landshlutum. Nokkuð stór hluti félagsvísa byggir á gögnum sem aflað er með úrtaksrannsóknum og vegna fárra svara frá tilteknum svæðum er ekki unnt að greina þau eftir landshlutum. Gögnin munu því ekki geta nýst við að greina hvaða samfélagsbreytingar hafa átt sér stað frá því framkvæmdir við virkjun og álver hófust á Austurlandi.
- Nokkrir mælikvarðar félagsvísa byggja á fyrirliggjandi gögnum frá Tryggingastofnun ríkisins. Þetta á t.d. við um mælikvarða á lífeyrisgreiðslur og umönnunarmat. Stofnunin býr yfir upplýsingum um hvernig slíkar greiðslur skiptast eftir landsvæðum og gætu þær því nýst samfélagsvísum Sjálfbærniverkefnisins.
- Rannsóknir og greining framkvæma reglulega kannanir meðal allra barna í tilteknum árgöngum á Íslandi. Unnt væri að falast eftir niðurstöðum fyrir grunnskóla á Austurlandi og bera þær saman við niðurstöður fyrir landið í heild.

## *Félagsvísar velferðarráðuneytisins*

Hagstofa Íslands annast uppfærslu og birtingu félagsvísa samkvæmt samningi við velferðar-ráðuneytið (Stjórnarráð Íslands, 2017a). Félagsvísar veita upplýsingar um lífskjör á Íslandi og

aðstæður mismunandi hópa. Markmiðið með félagsvísunum er „að birta á einum stað safn tölulegra upplýsinga til að auðvelda stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þróun og breytingum í samfélaginu“ (Stjórnarráð Íslands, 2017b). Vísarnir gagnast þannig sem verkfæri til þess að greina hópa í vanda þar sem samfélagslegar aðgerðir og þjónusta skila ekki tilætluðum árangri (Stjórnarráð Íslands, 2017b). Félagsvísar skiptast í fernt. Í fyrsta lagi ná þeir yfir *lýðfræði og virkni*, þar sem er að finna vísa um samsetningu þjóðarinnar, menntun og atvinnuþátttöku. Í öðru lagi mæla félagsvísar *lífsgæði, lífskjör og velferð*. Þar er að finna vísa um tekjur, eignir, skuldir og húsnæðisstöðu heimila eftir fjölskyldugerð, kyni og aldri þegar það á við. Þá eru einnig vísar yfir ýmsa velferðarþjónustu. Þriðji þáttur félagsvísa snýr að *heilsu.* Í þeim hluta er að finna vísa um heilsu barna, heilsugæslu, lyfjanotkun, áhættuþætti og útgjöld. Loks birta félagsvísar mælingar á lífsgæðum og lífsháttum *barna* á Íslandi. Auk þessara fjögurra efnisatriða var í fyrri útgáfum félagsvísa að finna upplýsingar um *samheldni.* Mælingum á þeim þætti var hætt þegar Ísland dró aðildarviðræður að Evrópusambandinu til baka.

## *Niðurstöður rýni á félagsvísum*

Eitt af meginmarkmiðum úttektarinnar var að bera samfélagsvísa Sjálfbærniverkefnisins saman við félagsvísa velferðarráðuneytisins og Hagstofu Íslands og greina mögulega vísa sem gætu nýst Sjálfbærniverkefninu. Í hópaumræðunum á ársfundi 2017 var fjallað um mikilvægi félagsvísanna og var talið gagnlegt að fylgjast með flest öllum mælikvörðum félagsvísanna og sjá hver niðurstaða þeirra væri á Austurlandi.

Gerð var efnisleg úttekt á markmiði og mælikvörðum samfélagsvísanna og félagsvísa velferðarráðuneytisins. Greind voru líkindi með vísum og mælikvörðum og einnig var bent á félagsvísa sem Sjálfbærniverkefnið gæti mögulega innleitt og hagnýtt í framtíðinni. Við mat á því hvort félagsvísar geti nýst Sjálfbærniverkefninu var stuðst við aðferðafræði Sameinuðu þjóðanna (2007) sem útskýrð er á mynd 9. Þar er bæði horft til þess hversu viðeigandi vísarnir eru fyrir verkefnið og einnig til þess hversu auðvelt aðgengi er að gögnunum. Ef aðgengi að gögnunum er til staðar og gögnin eru mikilvæg fyrir sjálfbæra þróun er mögulegt að nýta gögnin.

Mikilvægi fyrir sjálfbæra þróun

Aðgengi gagna

| | Viðeigandi | Tengdur vísir viðeigandi | Viðeigandi en ekki til | Ekki viðeigandi |
|---|---|---|---|---|
| Til staðar | Nýta | Aðlaga | Greina hagnýtingu | Ekki nýta |
| Mögulega til staðar | Nýta | Aðlaga | Greina hagnýtingu | Ekki nýta |
| Tengd gögn til staðar | Aðlaga | Aðlaga | Greina hagnýtingu | Ekki nýta |
| Ekki til staðar | Ekki nýta | Ekki nýta | Ekki nýta | Ekki nýta |

***Mynd 9. Aðferð við mat á nýjum sjálfbærnivísum***

Flestallir mælikvarðar félagsvísa þóttu viðeigandi fyrir Sjálfbærniverkefnið. Á hinn bóginn var aðgengi að gögnum misjafnt. Stór kostur við félagsvísa er að þeir byggja á gögnum sem hefur verið aflað árlega frá árinu 2006. Þetta skiptir miklu máli þegar leita á svara við því hvort bæta skuli nýjum vísum og mælikvörðum við samfélagsvísa Sjálfbærniverkefnisins, enda væri varhugavert að meta áhrif framkvæmda og reksturs fyrirtækjanna tveggja á samfélagið ef ekki væru til gögn aftur í tímann. Félagsvísar velferðarráðuneytisins og Hagstofunnar eru þó þeim takmörkunum háðir að niðurstöður eru ekki brotnar niður eftir landshlutum og geta ekki nýst Sjálfbærniverkefninu nema unnt sé að greina þau eftir búsetu. Ljóst er að til þess að unnt sé að framkvæma þess háttar greiningu þarf töluverður fjöldi fólks að standa á bak við tölurnar sem mælikvarðarnir veita. Sökum þess að stór hluti félagsvísa byggir á gögnum sem aflað er með úrtaksrannsóknum reyndist aðgengi að gögnum í mörgum tilvikum takmarkað.

Töflur 20 til 24 birta niðurstöður mats á því hvaða félagsvísar gætu nýst Sjálfbærniverkefninu. Í töflunum gefur ein rauð stjarna til kynna að gögn séu aðgengileg og þ.a.l. sé unnt að nýta vísinn eða mælikvarðann. Í þeim tilfellum þar sem sambærilegan mælikvarða er að finna í samfélags-vísum er það gefið til kynna með blárri stjörnu. Í töflunum er sömuleiðis að finna upplýsingar um tímabil gagnaöflunar þar sem mikilvægt er að unnt sé að nálgast gögn frá þeim tíma sem Sjálfbærniverkefnið hefur verið starfrækt.

Undir þætti um lýðfræði og virkni eru þrír mælikvarðar sem eru mjög í ætt við mælikvarðana sem þegar er að finna í Sjálfbærniverkefninu (merktir með blárri stjörnu). Aðrir vísar þóttu áhugaverðir fyrir Sjálfbærniverkefnið og er talið að þeir gætu nýst hagsmunaaðilum verkefnisins, og þá sér-staklega sveitarfélögunum, við að móta stefnu í byggðamálum og byggðaþróun. Þar sem margir mælikvarðar undir þessum þætti byggja á lýðfræðilegum upplýsingum frá Þjóðskrá (um mann-fjölda), frá leikskólum, skólum og stofnunum á Íslandi (um fjölda leikskólabarna, fjölda ungmenna á framhaldsskólastigi o.s.frv.), væri unnt að fá þá brotna upp eftir landsvæðum. Á hinn bóginn eru

upplýsingar um fjölda starfandi og fjölda vinnustunda fengnar úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands. Í úrtaki rannsóknarinnar voru ríflega 1.500 einstaklingar og er fjöldi þátttakenda frá Austurlandi og Mið-Austurlandi þ.a.l. mjög lítill. Þegar um svo fámennan hóp er að ræða er ekki víst að svarendur séu lýsandi fyrir það þýði sem þeir eru dregnir úr. Auk þess er hætta á að unnt sé að rekja upplýsingar til tiltekinna einstaklinga þegar svarendur eru fáir (sjá töflu 20).

***Tafla 20. Rýni á félagsvísum – Lýðfræði og virkni (15 vísar)***

| Heiti | Safnað frá | Ábyrgðar-aðili | Sambæri-legur | Not-hæfur |
|---|---|---|---|---|
| ***1. Lýðfræði og uppruni*** | **2006** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Mannfjöldi miðar við 1. janúar ár hvert. | | | * | |
| b) Fólksfjölgunarhlutfall, nettó: Brúttó fólksfjölgunarhlutfall að því viðbættu að einnig er gert ráð fyrir að dánarlíkur í hverjum aldursárgangi kvenna á barnsburðaraldri haldist óbreyttar. | | | | * |
| c) Framfærsluhlutfall: Með framfærsluhlutfalli er átt við hlutfall aldurshópa sem ekki eru á vinnualdri (hér 0-19 ára og 65 ára og eldri) af þeim sem teljast á vinnualdri (hér 20-64 ára). | | | | * |
| d) Ólifuð meðalævi við fæðingu: Sýnir hve mörg æviár einstaklingur, karl eða kona, á að meðaltali ólifuð miðað við að hann/hún er á lífi við upphaf tiltekins aldursskeiðs. Algengt er að reikna ólifaða meðalævi við: fæðingu, 1 árs, 15 ára, 50 ára, 65 ára og 80 ára. | | | | * |
| e) Fæðingartíðni: Tölur um frjósemi kvenna eru reiknaðar til þess að sýna í einni tölu hver sé fæðingartíðni ársins eða tímabilsins | | | | * |
| f) Innflytjendur: Með innflytjendum er átt við einstaklinga sem fæddir eru erlendis og foreldrar þeirra eru báðir fæddir erlendis og hafa erlendan bakgrunn. Báðir afar og báðar ömmur eru líka fædd erlendis. | | | | * |
| g) Önnur kynslóð innflytjenda: Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru hér á landi en eiga foreldra sem báðir eru fæddir erlendis auk þess sem afar og ömmur einstaklinganna eru fæddir erlendis. | | | | * |
| h) Fædd/ur á Íslandi: annað foreldri erlent: Einstaklingar sem eru fæddir erlendis og eitt foreldri sem fætt er erlendis. Að minnsta kosti einn afi eða ein amma er líka fædd erlendis. Hér flokkast þó einnig einstaklingar þar sem báðir foreldrar eru fæddir erlendis svo fremi sem að minnsta kosti einn afi eða amma eru fædd á Íslandi. | | | | * |
| i) Fædd/ur erlendis: annað foreldri erlent: Einstaklingar og annað foreldrið eru fædd á Íslandi. Að minnsta kosti einn afi eða ein amma eru fædd erlendis. Hér flokkast þó einnig einstaklingar þar sem báðir foreldrar eru fæddir erlendis svo fremi sem að minnsta kosti einn afi eða amma eru fædd á Íslandi. | | | | * |
| ***2. Leikskólabörn*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Börn í leikskólum, % af mannfjölda á sama ári | | | | * |
| b) Börn sem dveljast á leikskóla 9 klst. á dag (% af leikskólabörnum á sama aldri) | | | | * |

***Tafla 20. frh. Rýni á félagsvísum – Lýðfræði og virkni (15 vísar)***

| Heiti | Safnað frá | Ábyrgðar-aðili | Sambæri-legur | Not-hæfur |
|---|---|---|---|---|
| ***3. Skólasókn á framhaldsskólastigi,*** % af mannfjölda á sama aldri (Tölurnar sem hér eru notaðar taka mið af öllum nemendum á framhaldsskólastigi og eru iðnnemar á samningi taldir með) | **2000** | **Hagstofa Íslands** | | * |
| ***4. Hlutfallsleg skipting nemenda á framhaldsskólastigi eftir tegund náms*** | **2003** | **Hagstofa Íslands** | | * |
| ***5. Tvítugir stúdentar, % af mannfjölda á sama aldri*** | **2003** | **Hagstofa Íslands** | | |
| ***6. Brautskráning á framhaldsskólastigi eftir tegund prófs, kyni og aldri*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | * |
| ***7. Skólasókn á háskólastigi eftir kyni og aldri*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | * |
| ***8. Nemendur á háskólastigi eftir námssviðum*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | |
| ***9. Brautskráning á háskólastigi eftir kyni, aldri og námssviðum*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | * |
| ***10. Atvinnuþátttaka og vinnutími*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Atvinnuþátttaka 16-74 ára | | | | |
| b) Starfandi 16-74 ára í fullu starfi, % af vinnuafli | | | | |
| c) Meðalvinnustundir á viku þeirra sem eru í fullu starfi | | | | |
| ***11. Karlar og konur á vinnumarkaði eftir menntunarstigi*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | * | |
| ***12. Atvinnuleitendur*** | **2006** | **Hagstofa Íslands** | * | |
| a) Atvinnuleitendur, % af vinnuafli | | | | |
| b) Atvinnuleitendur í 6-11 mánuði, % af vinnuafli | | | | |
| c) Atvinnuleitendur í 12 mánuði eða lengur, % af vinnuafli | | | | |
| d) Menntun atvinnulausra karla | | | | |
| e) Menntun atvinnulausra kvenna | | | | |
| ***13. Atvinnuleysisbætur og vinnumarkaðsúrræði*** | **2006** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Atvinnuleitendur sem fá atvinnuleysisbætur, % af mannafla | | | | |
| b) % skráðra atvinnulausra sem fá atvinnuleysisbætur og taka þátt í vinnumarkaðsúrræðum | | | | |
| c) Þátttaka atvinnuleitenda í úrræðum eftir kyni og aldurshópum | | | | |
| ***14. Fólk utan vinnumarkaðar (hvorki í vinnu né fullnægir skilyrðum um að vera atvinnulaust)*** | **2006** | **Hagstofa Íslands** | | |
| ***15. Útgjöld til menntamála eftir skólastigi, % af VLF (brotið niður eftir námsstigi auk heildar)*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | * |

Tafla 21 sýnir vísa undir flokki um lífsgæði, lífskjör og velferð. Tveir mælikvarðanna veita samskonar upplýsingar og mælikvarðar samfélagsvísa Sjálfbærniverkefnisins. Gögn Hagstofu Íslands um tekjudreifingu og lágtekjumörk fást úr launarannsókn stofnunarinnar. Þar sem um úrtaksrannsókn er að ræða og svarendur fáir er ekki unnt að greina svör eftir landsvæðum. Mælikvarðar félagsvísa um skort á efnislegum gæðum og mat á fjárhagsvanda eftir heimilisgerð byggja sömuleiðis á upplýsingum frá úrtaki og geta þess vegna ekki nýst Sjálfbærniverkefninu.

Upplýsingar um fjölda lífeyrisþega eru á hinn bóginn sóttar til Tryggingastofnunar ríkisins. Þar sem TR býr yfir upplýsingum um alla lífeyrisþega á Íslandi væri unnt að semja við stofnunina um að fá upplýsingar brotnar niður eftir landsvæðum. Upplýsingar um félagslega aðstoð eru sóttar til sveitarfélaga með 250 eða fleiri íbúa. Í ljósi þess að sveitarfélögin á Austurlandi eru hagsmunaaðilar Sjálfbærniverkefnisins ætti að vera unnt að birta upplýsingar um heimili sem fá fjárhagsaðstoð á Austurlandi undir samfélagsvísum verkefnisins. Tölur um fjölda einstaklinga í alvarlegum vanskilum og tölur um fjölda gjaldþrotaúrskurða byggja sömuleiðis á þýðisupplýsingum. Tölurnar eru fengnar frá Creditinfo og Dómstóláráði og semja þyrfti við þessar stofnanir um að fá upplýsingarnar brotnar niður eftir landsvæðum.

*Tafla 21. Rýni á félagsvísum – Lífsgæði, lífskjör og velferð (14 vísar)*

| Heiti | Safnað frá | Ábyrgðar-aðili | Sambæri-legur | Not-hæfur |
|---|---|---|---|---|
| ***16. Tekjudreifing og lágtekjumörk*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | * | |
| a) Gini | | | | |
| b) Fimmtungastuðull | | | | |
| c) Lágtekjumörk | | | | |
| d) Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir kyni (%) | | | * | |
| e) Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir aldri (%) | | | | |
| f) Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir heimilisgerð (%) | | | | |
| g) Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir húsnæðisstöðu (%) | | | | |
| h) Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir menntun, 25 ára og eldri (%) | | | | |
| i) Einstaklingar undir lágtekjumörkum eftir búsetu (%) | | | | |
| ***17. Skortur á efnislegum gæðum (% einstaklinga)*** | **2005** | **Eurostat** | | |
| a) Alls | | | | |
| b) Konur | | | | |
| c) Karlar | | | | |
| d) Aldur | | | | |
| e) Heimilisgerð | | | | |
| f) Staða á vinnumarkaði | | | | |
| g) Staða á húsnæðismarkaði | | | | |
| h) Menntun | | | | |
| i) Búseta | | | | |
| ***18. Mat á fjárhagsvanda eftir heimilisgerð, % einstaklinga*** | **2005** | **Eurostat** | | |
| a) Húsnæðiskostnaður þung byrði (gamla skilgreiningin) | | | | |
| b) Húsnæðiskostnaður þung byrði | | | | |
| c) Vanskil húsnæðislána eða leigu | | | | |
| d) Vanskil reikninga | | | | |
| e) Vanskil annarra lána | | | | |
| f) Önnur lán þung byrði | | | | |
| g) Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum | | | | |
| h) Erfitt að ná endum saman | | | | |

*Tafla 21, frh. Rýni á félagsvísum – Lífsgæði, lífskjör og velferð (14 vísar)*

| Heiti | Safnað frá | Ábyrgðar-aðili | Sambæri-legur | Not-hæfur |
|---|---|---|---|---|
| ***19. Ráðstöfunartekjur lífeyrisþega eftir kyni og tegund lífeyris (verðlag 2015)*** | **2005** | **Trygginga-stofnun ríkisins** | | * |
| a) Karlar með örorkulífeyri | | | | * |
| b) Konur með örorkulífeyri | | | | * |
| c) Karlar með ellilífeyri | | | | * |
| d) Konur með ellilífeyri | | | | * |
| ***19. Ráðstöfunartekjur lífeyrisþega eftir kyni og tegund lífeyris (verðlag 2015)*** | **2005** | **Trygginga-stofnun ríkisins** | | * |
| a) Karlar með örorkulífeyri | | | | * |
| b) Konur með örorkulífeyri | | | | * |
| c) Karlar með ellilífeyri | | | | * |
| d) Konur með ellilífeyri | | | | * |
| ***20. Lífeyrisþegar*** | **2007** | **TR og Hagstofa Íslands** | | * |
| a) Fjöldi lífeyrisþega TR | | | | * |
| b) Nýgengi lífeyrisþega TR | | | | * |
| c) Karlar með örorkulífeyri eftir greiðendum lífeyris | | | | * |
| d) Konur með örorkulífeyri eftir greiðendum lífeyris | | | | * |
| e) Einstaklingar með 75% örorkumat, % af mannfjölda á sama aldri | | | | * |
| f) Karlar með 75% örorkumat eftir ástæðu greiningar (% skipting) | | | | * |
| g) Konur með 75% örorkumat eftir ástæðu greiningar (% skipting) | | | | * |
| h) Ellilífeyrisþegar 67 ára og eldri og fjöldi þeirra sem eru með réttindi hjá TR í desember ár hvert | | | | * |
| i) Karlar 67 ára og eldri með ellilífeyri eftir greiðendum lífeyris | | | | * |
| j) Konur 67 ára og eldri með ellilífeyri eftir greiðendum lífeyris | | | | * |
| ***21. Heimili sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | * |
| a) Heimili sem fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum | | | | * |
| b) Heimili sem fá fjárhagsaðstoð, % af heimilum í landinu eftir fjölskyldugerð | | | | * |
| c) Heimili sem fengu fjárhagsaðstoð í 6 mánuði eða lengur á ári af öllum heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð eftir fjölskyldugerð | | | | * |
| d) Börn < 18 ára á heimilum sem fá fjárhagsaðstoð | | | | * |

*Tafla 21, frh. Rýni á félagsvísum – Lífsgæði, lífskjör og velferð (14 vísar)*

| Heiti | Safnað frá | Ábyrgðar-aðili | Sambæri-legur | Not-hæfur |
|---|---|---|---|---|
| ***22. Ungt fólk í foreldrahúsum*** | **2004** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Allir | | | | |
| b) Karlar | | | | |
| c) Konur | | | | |
| ***23. Staða á húsnæðismarkaði og húsnæðiskostnaður*** | **2005** | **Eurostat** | * | |
| a) Hlutfallsleg skipting einstaklinga e. stöðu á húsnæðismarkaði | | | | |
| b) % með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað | | | | |
| c) % með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað e. stöðu á húsnæðismarkaði | | | | |
| d) % með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað e. heimilisgerð | | | | |
| e) % með verulega íþyngjandi húsnæðiskostnað e. tekjubilum | | | | |
| ***24. Útgjöld til félagsverndar*** | **2006** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Útgjöld ríkisins til almannatrygginga og velferðarmála, % af vergri landsframleiðslu | | | | * |
| b) Útgjöld til fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga með fleiri en 250 íbúa (Á verðlagi ársins 2015 í m.kr. og Breyting milli ára á föstu verðlagi %) | | | | * |
| ***25. Einstaklingar í alvarlegum vanskilum að meðaltali í hverjum mánuði*** | **2006** | **CreditInfo** | | * |
| ***26. Eignir og skuldir heimila eftir tíundarbilum tekna (í milljónum ÍSK)*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Eignir alls | | | | |
| b) Skuldir alls | | | | |
| c) Eigið fé alls | | | | |
| ***27. Eignir og skuldir heimila eftir tíundarbilum tekna (í milljónum ÍSK)*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Eignir alls | | | | |
| b) Skuldir alls | | | | |
| c) Eigið fé alls | | | | |
| ***28. Fjöldi gjaldþrotaúrskurða á búum einstaklinga eftir kyni*** | **2000** | **Dómstóláráð** | | * |
| ***29. Öryggi, afbrot og löggæsla*** | **2006** | **Ríkislög-reglustjóri og Hagstofa Íslands** | | |
| a) Skráð afbrot á hverja 10.000 íbúa | | | * | |
| b) Svarendur sem segjast vera mjög/frekar öruggir í samfélaginu | | | | |
| c) Svarendur sem segjast hafa orðið þolendur afbrots eftir tegund afbrots | | | | |
| d) Fjöldi lögreglumanna per 10.000 íbúa | | | | * |
| e) Útgjöld til löggæslu, % VLF | | | | |

Undir flokknum Heilsa var ekki að finna neinn mælikvarða sem unnt væri að nýta í samfélagsvísa Sjálfbærniverkefnisins þar sem yfirleitt var um að ræða gögn sem aflað var með úrtaksrannsóknum (sjá töflu 22).

***Tafla 22. Rýni á félagsvísum – Heilsa (5 vísar)***

| Heiti | Safnað frá | Ábyrgðar-aðili | Sambæri-legur | Not-hæfur |
|---|---|---|---|---|
| ***30. Mat fólks á eigin heilsu eftir kyni*** | **2004** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Hlutfall sem telur heilsa sína góða/mjög góða | | | | |
| b) Hlutfall sem telur að heilsan takmarki/takmarki mjög daglegt líf | | | | |
| c) Hlutfall sem býr við langvarandi veikindi | | | | |
| d) Hlutfall sem telur heilsa sína góða/mjög góða | | | | |
| ***31. Lyfjanotkun eftir kyni*** | **2006** | **Landlæknis-embættið** | | |
| a) Hjarta- og æðasjúkdómalyf | | | | |
| b) Tauga- og geðlyf | | | | |
| c) Svefnlyf og róandi lyf | | | | |
| d) Þunglyndislyf | | | | |
| e) Methylphenidat (lyf við ADHD) | | | | |
| ***32. Lífsvenjur og heilsa: Einstaklingar 15–79 ára sem reykja daglega (%)*** | **2005** | **ÁTVR og Hagstofa Íslands** | | |
| ***33. Einstaklingar sem neita sér um heilbrigðisþjónustu (eftir tekjubilum)*** | **2004** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Tannlæknir | | | | |
| b) Slepptu þjónustu vegna þess að hún er of dýr | | | | |
| c) Læknir eða sérfræðingur | | | | |
| d) Slepptu þjónustu vegna þess að hún er of dýr | | | | |
| ***34. Útgjöld til heilbrigðismála*** | **2005** | **Hagstofa Íslands** | | |
| a) Heilbrigðisútgjöld af vergri landsframleiðslu ( i. hins opinbera, ii. einkaaðila, iii. alls) | | | | |
| b) Skipting opinberra heilbrigðisútgjalda, % af vergr landsframleiðslu | | | | |

Tafla 23 sýnir félagsvísa og mælikvarða í flokki um börn. Rannsóknir og greining sér árlega um að framkvæma rannsóknir undir nafninu Ungt fólk, þar sem gagna er aflað með spurningalistum sem lagðir eru fyrir alla nema í tilteknum árgangi í grunnskólum landsins. Þar sem um er að ræða þýðisrannsókn er unnt að fá niðurstöður brotnar niður eftir landsvæðum. Sömuleiðis byggja upplýsingar frá Tryggingastofnun um umönnunarmat á þýðisupplýsingum um fjölda barna á landinu öllu. Semja þyrfti við stofnunina um að fá niðurstöður brotnar upp eftir landsvæðum sé áhugi fyrir hendi.

*Tafla 23. Rýni á félagsvísum – Börn (5 vísar)*

| Heiti | Safnað frá | Ábyrgðar-aðili | Sambæri-legur | Not-hæfur |
|---|---|---|---|---|
| ***35. Börn á heimilum undir lágtekjumörkum og sem skortir efnisleg gæði*** | **2004** | **Rannsóknir og greining** | | * |
| a) Lágtekjuhlutfall eftir heimilisgerð | | | | * |
| b) Skortur á efnislegum gæðum eftir heimilisgerð | | | | * |
| ***36. Mat 14-15 ára barna á fjárhag foreldra sinna*** | **2006** | **Rannsóknir og greining** | | * |
| a) % sem telja að foreldrar séu oft/nær alltaf illa staddir fjárhagslega | | | | * |
| b) % sem telja að foreldrar eigi oft/nær alltaf varla peninga fyrir nauðsynjavörum | | | | * |
| c) % sem telja að foreldrar hafi oft/nær alltaf ekki efni á að greiða fyrir tómstundastarf þeirra | | | | * |
| ***37. Lífsvenjur barna*** | **2006** | **Rannsóknir og greining** | | * |
| a) Segja tengsl þeirra við foreldra séu oft/nær alltaf utan skóla virka daga | | | | * |
| b) Segjast eyða oft/nær alltaf tíma með foreldrum um helgar | | | | * |
| c) Segjast reykja eina sígarettu á dag eða fleiri | | | | * |
| d) Segjast hafa orðið ölvuð síðustu 30 daga | | | | * |
| e) Segjast hafa notað hass einu sinni eða oftar um ævina | | | | * |
| ***38. Börn og heilsa*** | **2004** | **Landlæknis-embættið, Sjúkratrygg-ingar ríkisins og Hagstofa Íslands** | | |
| a) Burðarmálsdauði af 1.000 fæddum börnum | | | | |
| b) Börn sem fæðast undir 2.500 gr., % af lifandi fæddum alls | | | | |
| c) ADHD lyfjanotkun DDD/1.000 íbúa/á dag eftir kyni | | | | |
| d) Offita barna (%) (eftir kyni við 6, 12 og 14 ára aldur) | | | | |
| e) Ofþyngd barna (%)(eftir kyni við 6, 12 og 14 ára aldur) | | | | |
| f) Endurgreiðsla tannlæknakostnaðar 18 ára og yngri (m.v. fjölda og meðalupphæð) | | | | |
| ***39. Börn (0-15 ára) með umönnunarmat*** | **2004** | **Trygginga-stofnun ríkisins** | | * |
| a) Börn 0–15 ára með umönnunarmat af mannfjölda á sama aldri eftir kyni | | | | * |
| b) Drengir 0–15 ára með umönnunarmat eftir ástæðu (% skipting) | | | | * |
| c) Stúlkur 0–15 ára með umönnunarmat eftir ástæðu (% skipting) | | | | * |

Í töflu 24 er listi yfir félagsvísa sem tilheyrðu flokknum samheldni en eru ekki hluti af félagsvísum lengur. Þessir mælikvarðar eru taldir áhugaverðir fyrir bæði fyrirtækin og sveitarfélögin. Á hinn bóginn byggja þeir á gögnum sem aflað var með könnunum meðal tilviljunarúrtaks úr Þjóðskrá. Fjöldi í úrtaki á Austurlandi er ekki nægur til þess að unnt sé að skoða dreifingu svara fyrir landsvæðið.

***Tafla 24. Rýni á félagsvísum – Samheldni – eldri félagsvísar***

| **Heiti** | **Safnað frá** | **Ábyrgðar-aðili** | **Sambæri-legur** | **Not-hæfur** |
|---|---|---|---|---|
| **Samheldni** | **2010** | **Eurobaro-meter (Gallup)** | | |
| ***40. Ánægja með lífið*** | | | | |
| ***41. Traust til stjórnmála*** | | | | |
| a) Svarendur sem segjast treysta ríkisstjórninni | | | | |
| b) Svarendur sem segjast bera traust til sveitarstjórnar | | | | |
| c) Svarendur sem segjast bera traust til stjórnmálaflokka | | | | |
| ***42. Væntingar til atvinnu og efnahags*** | | | | |
| ***43. Væntingar til ástand atvinnulífsins að ári*** | | | | |
| ***44. Væntingar til eigin atvinnustöðu að ári*** | | | | |
| ***45. Væntingar til fjárhagsstöðu heimilisins á árinu*** | | | | |

# LOKAORÐ

